

Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir

Sönguskinna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG



KENNSLULEIÐBEININGAR

Til kennara

Við val og skrif efnis í bókinni var haft að leiðarljósi að það væri fjölbreytt og næði að vekja áhuga ólíkra nemenda. Leitað var efnis úr ýmsum áttum og textarnir eru eftir rithöfunda, skáld, blaðamenn og fræðimenn auk þess sem höfundar bókarinnar skrifuðu ýmislegt sem byggt er á heimildum. *Söguskinna* skiptist í fimm kafla og er hver kafli tengdur ákveðnu þema.

Gert er ráð fyrir að kennarar velji þá kafla bókarinnar sem henta hverju sinni. Námsefnið miðar að því að ná til allra grunnpátta Aðalnámsskrár grunnskóla frá 2011. Við val á texta og gerð verkefna voru hæfniviðmið fyrir miðstig grunnskólans í íslensku höfð að leiðarljósi samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla, greinasviði í íslensku frá 2013.

Það er von okkar að *Söguskinna* auðveldi kennurum að skapa námsumhverfi þar sem nemendum gefst tækifæri til að vinna með tungumálið á fjölbreyttan og skapandi hátt. Við vonum að efni bókarinnar auki áhuga nemenda á lestri og glæði vilja þeirra til að afla sér víðtæks fróðleiks. Athygli er vakin á fjölbreyttu myndefni bókarinnar og eru kennarar hvattir til að nýta sér myndefnið sem kveikju til umræðna og vangaveltna. Textar jafnt sem verkefni verða vonandi uppspretta frjórrar umræðu, rökræðna, alhliða tjáningar og sköpunar.

Kennsluleiðbeiningarnar eru settar fram með það í huga að greiða leið kennara að textum bókarinnar og verkefnum. Flestir sem kenna íslensku á miðstigi kenna margar aðrar námsgreinar og misjafnt hvort þeir eru með íslensku sem valgrein. Það er því von okkar að leiðbeiningarnar komi að gagni við undirbúning og geri kennsluna aðgengilegri og áhugaverðari.

Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir

Gott að hafa í huga

Umræður, rökræður og að skiptast á skoðunum

Með því að tjá hugsanir sínar í orðum, hlusta á aðra og skiptast á skoðunum eykst orðaforði nemenda ósjálfrátt og máltilfinning eflist. Umræðan er mikilvæg, þó að hún sé tímafrek, og þarf að notast til jafns við aðra þætti. Þannig er einnig komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Eitt af því sem mögulegt er að gera til að örva umræður og æfa hlustun er að hafa ákveðinn ramma til þess að allir fái að segja sína skoðun. Aðferðin einn, tveir, allir er kjörin við þær aðstæður.

- Nemandi byrjar á að velja einhverju málefni fyrir sér og/eða skrá hugmyndir/ skoðanir sínar á blað.
- Næst geta tveir, eða þeir sem sitja saman við borð, borið saman bækur.
- Endað er á því að stærri hópur eða allur bekkurinn ræðir efnið.

Sköpun

„Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa.“ (Aðalnámskrá bls. 99.) Með því að flétta leikræna tjáningu, spuna og myndlist saman við bókmenntakennslu er komið til móts við ólíkar þarfir nemenda. Þeim finnst þetta yfirleitt kærkomin tilbreyting og það rímar við einn af grunnþáttum aðalnámskrár.

Spuni

Þegar nemendur spreyta sig í leikrænni tjáningu setja þeir sig í spor annarra, lífa sig inn í aðstæður og fá að vera einhverjir aðrir stutta stund. Þetta reynir m.a. á þætti eins og samvinnu, tillitssemi, ímyndunarafli, tjáningu og framsögn.

Upplestur

Atriði til að hafa í huga við upplestur:

- Líkamsstaða: standa í báða fætur og slaka á öxlum.
- Raddstyrkur og notkun talfæra: opna munninn, anda djúpt og láta röddina berast.
- Framburður: lesa skýrt þannig að hvert orð skiljist.
- Tími og þagnir: lesa hægt, gefa sér tíma og muna að þagnir eru nauðsynlegar.
- Blæbrigði og túlkun: lesa í samræmi við efnið, skilningur er forsenda þess að koma texta til skila.
- Samband við áheyrendur: líta til áheyrenda í byrjun og í lokin, einnig nokkrum sinnum á meðan lesið er.

Ofangreind atriði eru höfð til hliðsjónar í Stóru upplestrarkeppninni á vegum Radda, sjá nánar: http://upplestur.hafnarfjordur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=7&Itemid=11

Sjónarhorn

Í öllum bókum er sögumaður, þ.e. sú rödd sem segir söguna.

Sögumaður sem er alvitur getur séð inn í huga allra persóna sögunnar og veit hvað þær hugsa og gera.

Sögumaður með takmarkaða vitneskju veit bara hvað ein persóna hugsar og fylgir henni í gegnum alla bókina.

Sögumaður getur verið ein af persónum bókarinnar eða einhver sem fylgist með utan frá.

Stundum er sagt frá í þriðju persónu og stundum er það einhver „ég“ sem talar, þ.e. fyrstu persónu frásögn.

Nánar um sjónarhorn er að finna á bls. 69 í *Hugfinni, handbók um bókmenntahugtök*.

1. kafli – Flökkusögur

Viðmið kaflans er m.a. að nemendur efli hæfni sína í:

- að skoða einkenni flökkusagna
- að skoða hvað er ólíkt og líkt með flökkusögum og bröndurum
- að leita upplýsinga á netinu
- að skoða rím og ljóðstafi í ljóði
- að skrifa blaðagrein
- að túlka með leikrænni tjáningu
- að vinna í hóp, skapa og skipuleggja

Í umræðu um flökkusögur og þegar nemendur skrifa eigin sögu er gott að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Að flökkusögur hafa upphaf, miðju og endi, gerast í samtímanum og hafa gengið í munnmælum milli manna, svæða og jafnvel heimshorna.
- Að persónur séu kynntar og tengsl þeirra útskýrð til þess að sagan fái á sig raunveruleikablæ; frændi vinar míns, mágkona systur minnar o.s.frv.
- Að flökkusögur geta verið sannar, a.m.k. sannleikskorn í þeim, en þær geta líka verið hreinræktaður uppspuni. Sögurnar endurspeгла oft hræðslu við eitthvað framandi eða eitthvað sem er grunsamlegt, eitthvað vandræðalegt. Þær fjalla margar um vandræðagang sem tengist mat og þá oft eitthvað sem er óhollt eða ógeðslegt. Þannig geta þær verið gott innlegg í umræðu um fordóma og framandi siði og menningu því oft spinnast upp sögur um fólk sem hefur aðra siði en meirihlutinn. Einnig geta flökkusögur orðið til þegar fólk ferðast á framandi slóðir og túlkar upplifun sína út frá eigin heimsmynd eða fordómum.
- Að sögurnar geta fjallað um hversdagsleg atvik í daglegu lífi sem verða skondin eða jafnvel hræðileg, t.d. af því að fólk kann ekki á nýja tækni og notkunarmöguleikar eru ekki á hreinu, t.a.m. þegar kötturinn er settur í örbylgjuofninn. Kannski hefur konan sem það gerði alist upp við að heimalningarnir, móðurlausu lömbin í sveitinni, væru settir í bakaraofninn til að hlýja þeim. Upplagt er að hvetja nemendur til að finna fleiri álíka tengingar í sögum sem þeir hafa heyrt eða lesið.

Staldræðu við bls. 12

- 1.–5.** Kennari getur valið hvort spurningarnar verða til almennrar umræðu í bekknum. Nota má aðferðina, einn, tveir, allir – þ.e. að skipta bekknum í hópa sem ræða sín á milli og bera sig síðan saman við aðra hópa. Gott er að hvetja nemendur til að hafa í huga atriðin um flökkusögur á bls. 11.

6. Sumir nemendur vilja frekar teikna en skrifa og öfugt, því er val um að teikna flökkusögu eða skrifa eigin sögu. Til að teikna myndasögu geta nemendur valið úr flökkusögunum í bókinni, einnig eru til ótal bækur og tenglar á netinu þar sem finna má fleiri sögur – sjá gagnlega tengla og ítarefni hér aftar á bls. 7 og 11.

Þegar nemendur semja sína eigin flökkusögu (eða rífa upp sögu sem einhverjir þeirra hafa heyrt) er rétt að minna enn og aftur á atriðin hér að ofan og á bls. 11 í bókinni til að hafa til hliðsjónar. Mjög líklegt er að einhverjir nemendur vilji bæði semja textann og teikna sína eigin sögu.

Þetta verkefni er tilvalið að vinna í paravinnu eða litlum hópum. Einnig má hugsa sér að nemendur búi til handrit að sögunni, leiki og taki upp til að sýna bekknum.

- 7.–8. Umræða sem kennari stýrir um tengsl flökkusagna og brandara.

Mögulegt er að biðja nemendur að segja brandara og ræða síðan hvernig má breyta brandaranum í flökkusögu EDA velta upp hvort það geti verið að einhverjar flökkusögur hafi byrjað sem brandarar og finna tengslin þar á milli.

Kennari getur t.d. nefnt sem dæmi brandarann um fluguna í súpunni sem byrjar yfirleitt eins en hefur mismunandi endi. Skemmtilegt væri að skoða ólíka enda með það í huga að þjónninn reynir á fyndinn hátt að bjarga aðstæðum með ýmsum ráðum. Nemendur gætu beitt hugarflugi sínu og fundið fleiri svör fyrir þjónninn.

Þjónn, þjónn, það er fluga í súpunni.

- a. Andartak, ég skal sækja gaffal.
- b. Það er allt í lagi, hún bjargar sér.
- c. Láttu sem ekkert sé, hún er bara að reyna að láta taka eftir sér.
- d. Andartak, ég sæki könguló.
- e. Þú þarft ekkert að greiða aukalega fyrir hana.

Maður getur étið hundodýrt á þessu veitingahúsi.

Já, en góði besti, mig langar ekkert í hund.

Gesturinn: Er hundurinn þinn hrifinn af börnum?

Jónas: Já, en hann vill samt heldur dósamat.

Heyrðu, þjónn, þessi mjólk er ansi þunn.

Fyrirgefðu, herra, kýrin lenti í rigningardembu.

Jæja, herra, í dag er ég með reyktu tungu, steikta lifur, nýru í kássu og grísalappir.

Ég var ekki að spyrja um heilsufar þitt.

Síminn hringir í verslun og starfsmaður svarar.

Starfsmaður: *Matarbúðin, góðan dag.*

Viðskiptavinur: *Eruð þið með kálhöfuð?*

Starfsmaður: *Nei, það vinnur bara venjulegt fólk hérna með augu, eyru, nef og munn.*

Eftirfarandi brandari er tilvalinn til að bera saman við flökkusögu og spyrja hvað vantar til aðgreiningar. Einnig væri hægt að snúa brandaranum í sameiningu yfir í flökkusögu.

Gréta litla fór með foreldrum sínum á veitingahús. Mömmu hennar fannst fiskurinn svo góður að hún bað þjóninn um poka og sagði:

Úr því það varð afgangur, ætla ég að gefa kettinum hann.

Gréta litla hrópaði himinlifandi, svo hátt að allir heyrðu:

Jibbi! Loksins fáum við kisu!

9. Mikilvægt er að gefa nemendum tíma til að finna góða sögu eða brandara og æfa flutning.

Gott er að fara yfir atriði um skýra framsögn og minna nemendur á að snúa sér beint fram þegar talað er. Svo má gefa þeim tækifæri til að taka atriðið sitt upp, t.d. á lpad/spjaldtölvu og sýna hópnum afrakstur sinn þannig. Hér er slóð með bröndurum:

<https://brandarar.wordpress.com>

Aukaverkefni – rannsókn

Sama flökkusagan í örlítið mismunandi búningi. Nemendur hafa ef til vill fundið flökkusögur sem eru keimlíkar en hafa einkenni svæðisins sem þær koma frá. Upprunalega er kannski um sömu söguna að ræða. Hvetja mætti nemendur til að skoða þetta, hvað er breytt? Á sagan sér stað í öðru landi, eru persónur aðrar, aðstæður öðruvísi o.s.frv.?

Ítarefni – gagnlegir tenglar

Kreddur, vefrit um þjóðfræði – flökkusagnir um austurlenska veitingastaði:

<http://kreddur.is/kattakjot-i-karry/>

Um Guinnes bjór og kindablóð: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6782>

Um anakondur og mannát: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=4550>

Hvað gera þjóðfræðingar? <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=48242>

Íslensk flökkusaga úr nútímanum: <https://www.youtube.com/watch?v=9PMbHQGV00k>

Uppskrift að nammi bls. 16

Pórarinn Eldjárn (f. 1949). Nánar: <http://www.islit.is/vidtol-vid-hofunda/nr/515> og http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-4284/5789_read-116/5789_read-%20116/categories-1369,2012/rskra-116/

Ljóðið er í bókinni *Grannmeti og átvextir* sem kom fyrst út árið 2001 og var endurútgefin árið 2013.

Staldraðu við bls. 17

1. Til að hjálpa nemendum af stað má t.d. beina þeim að uppskrift að einhverju ákveðnu sem þeim þykir gott eða einhverju sem þeir hafa nýlega útbúið í heimilisfræði í skólanum. Mögulegt er að þetta verkefni sé unnið í þörum eða litlum hópum og það getur líka verið heimaverkefni að hluta, t.d. að finna uppskriftina.

Frægasta ljóðið og söngurinn sem eru leiðbeiningar um uppskrift er sennilega piparkökusöngurinn úr Dýrunum í Hálsaskógi eftir norska höfundinn Thorbjörn Egner. Á youtube.com er að finna nokkrar útgáfur af söngnum.

<https://www.youtube.com/watch?v=-TK3EF5prS8>

Skoða ljóðstafi og rím í ljóðinu. Kennari getur hvatt nemendur til að hafa eigið ljóð rímað eins og Pórarinn Eldjárn gerir. Þar er endarím í tveimur til þremur línur samhliða. Rétt er að leyfa nemendum að skoða nokkur ljóð og uppsetningu til að hafa fyrirmyndir til að velja úr.

Pórarinn notar einnig ljóðstafi, þ.e. stuðla og höfuðstafi og er um að gera að hvetja til þess. Nemendur hafa tilhneigingu til að ofstuðla og því er sjálfsgott að minna á reglur um ljóðstafi og að gæta hófs. Benda nemendum á það hvernig Pórarinn notar stuðlana tvo í samsetta orðinu laugardagssælgætissukk og síðan höfuðstafinn í næstu línu: sunnudegi. Nemendur geta fundið lag við uppskriftarljóðið sitt eða samið sitt eigið, hugsanlega í samvinnu við tónmenntakennara.

2. Þetta verkefni er tilvalið heimaverkefni. Listi um handbækur og upplýsingar og fleira tengt hollustu og innihaldsefnum er að finna á vef Matís á slóðinni:

<http://www.matis.is/>

Um sælgæti: http://www.matis.is/media/utgafa/Naering_sykur.pdf

Um e-efni í sælgæti: <http://natturan.is/chemapi/e-listi/#>

E-efnin: http://www.mast.is/Uploads/document/Baeklingar/Baeklingur_aukefni_zsp08.pdf

Mjög líklegt er að umræður spinnist um nammiát, nammidaga, hollustu og tannhirðu, svo eitthvað sé nefnt. Kennarar geta miðað við umræðupunkta og spunnið aukaverkefni út frá því eða haldið bekkjarfund/málfund um málefnið sem koma fram.

3. Samkeppnin um besta hollustu-nammibarinn er tilvalið samvinnuverkefni með heimilisfræðikennara og/eða myndmenntakennara. Á heilsuvefnum 6H eru ýmsar upplýsingar frá fagfólki um hollustu og heilsu: <http://www.6h.is/> Ef þetta á að vera raunverulegt verkefni þarf að taka tillit til hnetuofnæmis. Hollustunammi inniheldur oft hnetur og margir skólar eru hnetulausir skólar.

Staldræðu við bls. 19

- 1.–2. Kóngurinn er sagður trúgjarn og ætti því að vera auðvelt að segja honum skröksögu sem hann trúir. Samkvæmt þessari sögu þarf mikið til að hann efist um trúverðugleika sögumanns þannig að það er dálítil mótsögn í því sem sagt er um kónginn að hann sé trúgjarn.

Frásögnin og orðaforðinn eru forn á köflum og má gera ráð fyrir að nemendur spyrji um fleiri orð en það sem er útskýrt á bls. 18.

Að *þeyta flautir* – vísar í gamlar búskaparhefðir og má m.a. lesa nánar um þessar hefðir í greininni *Eldamennska í íslensku torfbæjunum* eftir Hallgerði Gísladóttur, birt í Smáriti Byggðasafns Skagfirðinga: <http://www.glaumbaer.is/static/files/Skjol/v-eldamennska-i-islensku-torfbæjunum.pdf>

Þar segir á bls. 19: „*Strokkurinn var notaður til að strokka rjóma til smjörs, en flautapyrillinn til að þeyta flautir. Rjóminn er strokkaður í sundur í smjör og flautir. Flautir eru sjaldséðar og orðið lítt þekkt en af og til heyrir enn talað um að fljótfært og stefnulaust fólk sé „flautapyrlar“.*“

kolla: hankalaust tréilát, krús, glas eða flaska skv. Íslenskri orðabók Menningarsjóðs. ... sást hvergi í dökkvan díl..., þ.e. sást ekki í dökkan díl eða sást ekki handaskil fyrir flautunum eða þeyttu undanrennunni, þ.e. froðan var út um allt.

Ætli að það sé tilviljun að sagan heitir *Lokalygi*?

Loki er bragðarefur í norrænu goðafræðinni, hann er hrekkjalómur og brýtur reglur sem goðin hafa sett. Hann er oft illgjarn og hrekkir hans leiða yfirleitt ekkert gott af sér, sérstaklega ekki fyrir hann sjálfan því goðin refsa honum harðlega. Þetta er reyndar oft dæmigert fyrir bragðarefi. Loki gat líka breytt sér í hin ýmsu kvikinda líki. Móðir hans hét Laufey, en kölluð Nál og faðir hans var jötunninn Fárbauti. Hann eignaðist synina Vála og Narfa með konu sinni Sigyn en með tröllkonunni Angurboðu eignaðist hann Fenrisúlfi, Miðgarðsorm og Hel. Þá er einnig sagt að hann hafi átt Sleipni, hest Óðins, með hestinum Svaðilfara.

Tvöföld merking titilsins, þ.e. lygin hans Loka og síðan var þetta lokalygin sem réði því að Loki fékk kóngsdótturina.

3. Færilúsinn sem Loki sá og gekk inn í er umhugsunarefni og hluti af fjarstæðunni í lygasögunni. Í orðabók er færilús útskýrð sem sauðalús, sníkill á sauðfé eða allstórt, brúnleitt, vængjalaust skordýr af tvívængjuætt.
4. Í þessu verkefni lesa nemendur aftur í gegnum söguna. Þeir þurfa örugglega hjálp til að byrja með og má hugsa sér útgáfu leiðbeininga með ýmsu móti. Ef bæklingar eru skoðaðir sést að oft eru upplýsingar númeraðar. Hægt er að hafa þær nákvæmar eða stikla á stóru. Þær geta byrjað í boðhætti: þú átt að ... eða verið leiðbeinandi: næst væri gott að finna ...

Eflaust er gagnlegt að sýna nemendum dæmi um úrlausn eða a.m.k. fyrstu tvö atriðin til að koma þeim af stað:

Aðstæður

Loki situr í eldhúsinu og þeytir flautir, froðan varð svo mikil að ekki sást neitt.

Það sem Loki þarf að gera:

1. fara út og leita að dökkum díl
2. fara inn í dökka dílinn
3. hlaupa hratt
4. klæða sig úr fötunum
5. taka af sér útlími
6. hlaupa á lyginni og tveimur puntstráum
7. fá kóngsdótturina

Sagan kemur örugglega vel út í teiknimyndasögu. Upplagt er að hvetja nemendur til þess að teikna eina slíka og jafnframt að finna annað nafn á söguna. Setja mætti nöfnin í sameiginlegan pott og velja eða kjósa um besta nafnið.

- 5.** Þegar skrifa á blaðagrein er mikilvægt að hafa nokkur atriði í huga:
- Blaðamaður þarf að skrifa þannig að hann nái athygli lesandans.
 - Textinn þarf að vera áhugaverður og framsetning að vekja athygli.
 - Textinn þarf að vera skýr og greinargóður án óþarfa málskrúðs. Best er að hafa málsgreinar stuttar.
 - Fyrirsögnin þarf að vera grípandi og huga þarf að millifyrirsögnum og jafnvel mynd/um.
 - Hafa inngang að greininni, miðkafla og síðan niðurlag.
 - Muna spurnarorðin: hvað – hvar – hvers vegna – hvernig – hvenær.

Einnig mætti skoða leiðbeiningar um blaðaskrif í verkefnahefti við *Rauðkápu*, bls. 42.

Sjá hér: http://vefir.nams.is/klb/raudkapa_verkefni.pdf

Í kennslubókinni eru aðeins þrjár tillögur nefndar en upplagt væri að finna í sameiningu fleiri hugmyndir og setja á töfluna. Þetta getur einnig verið samvinnuverkefni sem unnið er í pörum eða litlum hópum.

Fleiri dæmi:

- Staðfasti tindátinn fær gervifót og keppir á ólympíuleikum.
- Hans og Gréta halda hrekkjavökuveislu.
- Öskubuska heldur fyrirlestur um einelti.

Staldraðu við bls. 23

Salka Guðmundsdóttir (f. 1981) er leikskáld og þýðandi. Þegar hún var fjórtán ára fór hún á leiklistarnámskeið og fékk brennandi áhuga á leikhúsum. Hún rekur núna eigin leikhóp sem heitir Soðið svið. Leikrit eftir Sölku hafa verið sýnd í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu en leikþátturinn *Í glösinu* er sérstaklega saminn fyrir kennslubókina *Söguskinna*.

Hlutverkin í örleikritinu eru fimm og mögulegt væri að hugsa sér að legókallinn Gonsaló geti líka verið sögumaður því sem Gonsaló kemur hann aðeins inn í lokin. Aðrar útfærslur koma til greina og eru nemendur yfirleitt naskir þegar af stað er farið.

- 1.–2.** Nemendur skrá hjá sér nöfn persóna, aldur og tengsl ásamt umhverfisaðstæðum. Í framhaldinu þarf að ákveða hvað sögumaður segir og hvenær.

Það sem minnir á flökkusögu er m.a. raunveruleikatengsl þegar persóna C segir: Systir frænda vinar stjúppabba míns ... Andaglas hefur yfir sér dulúð og er uppspretta reynslusagna, stundum ótrúverðugra og ýktra í anda flökkusagna en oft er sannleikskorn í þeim. Það má ætla að leikritið gerist í samtímanum og það hefur skýrt upphaf, miðju og endi.

Aukaverkefni

Nemendur geta búið til sitt eigið örleikrit eða fundið flökkusögu og leikið hana. Þetta getur orðið góð uppistaða í bekkjarskemmtun.

Bækur til að hafa í stofu og ítarefni

Bryndís Björgvinsdóttir. Stóra nammilandsmálið: ½ gramm af njálgi gert upptækt. 2009. *Stúdentablaðið* 2. tölublað. (Þessa grein er að finna á timarit.is)

Hermann Stefánsson. 2004. *Níu þjófalyklar*: Smásögur. Bjartur, Reykjavík.

Júlíus Brjánsón. 2014. *Hrossahlátur*. Forlagið, Reykjavík.

Rakel Pálsdóttir. 2001. *Kötturinn í örbylgjuofninum og fleiri flökkusögur úr samtímanum*. Bjartur, Reykjavík.

Þórarinn Eldjárn. 2001. *Grannmeti og átvextir*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Lokalygi – Jón Árnason. 1958. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri V*. Safnað hefur Jón Árnason. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

2. kafli – Dagbækur og daglegt líf

Viðmið kaflans er m.a. að nemendur efli hæfni sína í:

- að setja sig í spor persóna / dýra og velta fyrir sér líðan þeirra
- að skoða og skrifa dagbókartexta
- að semja ljóð
- að skoða myndmál í ljóðum
- að lesa úr upplýsingum og raða í tímaröð
- að leita upplýsinga og undirbúa kynningu
- að flokka eigin orð í orðflokka

Upplagt er að skoða með nemendum mismunandi dagbækur sem gefnar hafa verið út, s.s. *Dagbók Önnu Frank* um gyðingastúlkuna í seinni heimstyrjöldinni sem minnst er á í kaflanum og *Dagbækur Berts* eftir höfundana Anders Jacobsson og Sören Olsson sem hafa notið mikilla vinsælda meðal krakka undanfarin ár. Hvetja mætti nemendur til að halda áfram að skrifa sína eigin dagbók í framhaldi af lestri og vinnu verkefna við þennan kafla. Hugsanlega mætti gefa þeim færi á dagbókarskrifum í skólanum nokkrum sinnum í viku sbr. verkefni aftast í kaflanum.

Einkennandi fyrir unga nemendur er að telja upp í atburðaröð og tengja atburði og hugmyndir með „og svo“. Þetta getur orðið runukennd lesning og óáhugaverð. Gott er að reyna að fá nemendur til að nota styttri málsgreinar eða aðrar samtengingar. Þá má gefa þeim dæmi um orð til þess að nota í staðinn, s.s. seinna, síðan, þá, síðar, einnig, að auki, eftir, þar á eftir, skömmu síðar, næst, loks (ef um síðasta atburð er að ræða).

Nemendur gætu valið atburði úr sínu daglega lífi og skráð þá ásamt hugrenningum sínum. Þá mætti skoða saman atriði úr dagbókarköflunum í *Söguskinnu* þar sem dagbókarritarar segja frá og koma um leið fram með sínar eigin skoðanir, líðan og athugasemdir.

Dæmi úr *Dagbók Önnu Frank*: „Ég er í döpru skapi núna, og það hefur þú sjálfsagt fundið, en ég veit ekki sjálf, hvernig á því stendur.“

Kennarar geta nýtt sér eftirfarandi spurningar við lestur á dagbókarfærslum Önnu:

- Hvernig ræðir Anna um tilfinningar sínar?
- Hvernig líður henni?
- Hver eru viðbrögð hennar við ákveðnum atvikum?
- Af hverju segist hún vera döpur?

Anna Frank bls. 26

Með Önnu í felum voru sjö manneskjur:

- 1) Hermann van Pels f. 1838. Hann dó í fangabúðum 1944.
- 2) Fritz Pfeffer f. 1889, þýskur tannlæknir. Hann lést í fangabúðum 1944.
- 3) Edith Frank f. 1900, mamma Önnu Frank. Hún dó í fangabúðum 1945.
- 4) Auguste van Pels, f. 1900. Hún var eiginkona Hermanns, dó 1944.
- 5) Margot Frank f. 1926, eldri systir Önnu. Hún dó í fangabúðum 1945.
- 6) Peter van Pels f. 1926, sonur Hermanns og Auguste, hann dó í fangabúðum 1945.
- 7) Otto Frank f. 1889, pabbi Önnu og Margot. Hann lifði af fangabúðavistina og dó 1980.

Á heimasíðunni <http://www.annefrank.org/> má sjá myndir og fá upplýsingar um allt þetta fólk.

Og einnig á þessum síðum:

https://en.wikipedia.org/wiki/List_of_people_associated_with_Anne_Frank

<http://www.biographile.com/>

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6534>

<http://www.nytimes.com/2015/11/14/books/>

Svör við spurningum í blöðrum á bls. 27 og 29:

- Hvers vegna er Anna döpur?
Hún segist vera döpur af því að hún er kjarklaus, en hún talar líka um að svört óveðurský séu allt um kring og vísar þar í óvissuástandið sem hún býr við.
- Hvað er það sem Önnu langar til að verða og hvers vegna?
Önnu langar til að verða rithöfundur því þegar hún skrifar hverfa áhyggjurnar og hún öðlast kjark. Við skriftirnar nær hún að tjá hugsanir sínar, hugsjónir og hugarflug eins og hún orðar það sjálf.

Staldraðu við bls. 30

1. *Að falla allur ketill í eld* merkir að gefast upp. Hvetja mætti nemendur til að finna fleiri orðtök/orðatiltæki merkingu þeirra og umorða setningar þar sem þau koma fyrir.

Í dagbókarfærslu 8. nóvember 1943 koma þessi orðtök/orðatiltæki fyrir:

- *að taka mig saman í andlitinu*, þ.e. að herða upp hugann og láta sem ekkert sé
- *að vera ekki með öllum mjalla*, þ.e. að vera rugluð, ekki andlega heilbrigð
- *að stappa í mig stálinu*, þ.e. að herða upp hugann, vera hugrökk, staðföst
- *skýin dragast þéttar saman*, þ.e. að útlitið versnar

Í dagbókarfærslu 4. apríl 1944:

- *að harka af sér*, þ.e. stappa í sig stálinu
- *gefa tárnum lausan tauminn*, þ.e. að gráta án þess að halda aftur af sér
- *við svo búið mætti ekki standa*, þ.e. að svona gæti þetta ekki haldið áfram
- *að telja í mig kjark*, þ.e. að herða upp hugann
- *verður tíminn að leiða í ljós*, þ.e. verður að koma í ljós síðar

2. Nemendur geta fundið eftirfarandi upplýsingar úr inngangskaflanum um Önnu Frank:
- | | |
|------|--|
| 1929 | Anne/Anna Frank fæðist þann 12. júní í Frankfurt am Main í Þýskalandi. |
| 1933 | Hitler kemst til valda í Þýskalandi. |
| 1933 | Fjölskyldan flýr til Hollands; pabbinn Otto, mamman Edith og systir hennar Margot. |
| 1940 | Þjóðverjar ráðast inn í Holland. |
| 1942 | Í júlí fer fjölskylda Önnu í felur í leynilega íbúð á háalofti í Amsterdam. |
| 1944 | Þann 4. ágúst er Anna Frank og fjölskylda hennar handtekin og send í útrýmingarþúðirnar í Auschwitz í Póllandi. |
| 1945 | Í marsmánuði deyja Anna og Margot úr taugaveiki í Bergen-Belsen útrýmingarþúðunum í Þýskalandi. |
| 1945 | Um vor/sumar fer Otto Frank aftur til Hollands og fær afhenta dagbók dóttur sinnar sem vinir fjölskyldunnar höfðu geymt. |

Hér má bæta við upplýsingum úr dagbókarskrifunum og einnig hvetja nemendur til að leita upplýsinga í bókum á bókasafninu og/eða á veraldarvefnum.

3. Til þess að hjálpa nemendum að finna hugtök í sambandi við persónu Önnu geta þeir lesið dagbókarskrifin aftur með það í huga að pikka út orð sem lýsa:
- persónu hennar – tilfinningarík, hugrökk, (segist sjálf vera kjarklaus),
 - hvað hún hræðist og hefur áhyggjur af – að hún komist ekki í skóla,
 - hvað hana langar til – að fara í skóla, verða eitthvað, verða rithöfundur, gleymast ekki, lifa eftir dauðann,
 - hvers hún óskar sér – að stríðinu ljúki.

Unnt er að skoða persónu Önnu á tvo vegu, þ.e. hvað hún sjálf segir um sig og hvernig nemendur sjá hana fyrir sér.

Staldraðu við bls. 31

Hannes Pétursson (f. 1931 á Sauðárkróki).

Nánar: http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3900/6556_read-18374/RSkra-67

Spyrja mætti nemendur hvenær þeir haldi að ljóðið gerist. Vísað er í ártalið 1952 í undirtitli og má leiða að því líkur að ljóðið sé um hermann sem hafi slasast í seinni heimstyrjöldinni. Orrustan um Stalíngrad var mannskæð, talið að tvær milljónir manna hafi farist. Þeir sem börðust voru hermenn Sovétríkjanna og Þjóðverja. Orrustan hófst 17. júlí 1942 og henni lauk í febrúar 1943 þegar lið Hitlers gafst upp. Hún er talin mikilvæg vegna þess að lið Þriðja ríkisins náði aldrei fullum styrk eftir það. Stalíngrad heitir Volgograd í dag.

Vekja mætti athygli á bókstafnum z í glerdýraverzlun – zetan var afnumin úr almennum íslenskum ritreglum árið 1974 og fáir nota enn zetu. Zeta er þó enn þá skrifuð í fáeinum íslenskum mannanöfnum.

- 1.
- Hermaðurinn missti fæturna í stríðinu í Stalíngrad.
 - Hvar hann er núna er ekki sjálfgefið en þó kemur fram að hann situr á gangstétt fyrir utan glerdýraverslun. Lesandi er ekki upplýstur um í hvaða borg eða í hvaða landi maðurinn er en það hefur rígt og haustlauf falla, árstíðin er haust.
 - Hann spilar á fiðlu og vert er að benda nemendum á tónana sem flækjast í fötum fólksins sem gengur fram hjá. Þetta er myndlíking og er það túlkunaratriði hvort fólkið tekur tónana til sín eða hvort þeir hafa áhrif á fólkið. Með því að segja að tónarnir flæktust í fötum fólksins má kannski túlka það þannig að tónarnir hafi haft einhver áhrif á fólkið án þess að það hafi endilega viljað það. Hermaðurinn á sér drauma og þrár sem hann túlkar í fiðluleik sínum. Um líðan hans er hvers og eins að túlka eftir stemningu ljóðsins.
 - Lesandinn fær að vita hvernig aðstæður eru, það rignir og göturnar eru blautar og má benda nemendum á að það gefi hugmynd um líðan mannsins. Grasið sem varð smám saman rautt getur vísað í lafin sem falla af trjánum en eins getur verið um yfirfærða merkingu að ræða og rauði liturinn táknar þá dauða og mannfallið í orrustunni í Stalíngrad.

Um mösurbirki: <http://www.skogarbondi.is/mosurbirki-betula-pendula-var-carelica/>

- 2.
- Hvetja mætti nemendur til að skrifa um tilfinningar mannsins og hafa í huga dagbókarskrif Önnu Frank í því sambandi. Til að koma nemendum af stað má kynna nokkrar hugmyndir:
- a) Gamli maðurinn er kominn heim til sín og hugsar um það sem gerðist yfir daginn. Ef til vill var einhver vingjarnlegur við hann eða kannski hafði honum verið sýnd ókurteisi. Hann segir frá því og hvernig honum leið.
 - b) Hermaðurinn er kominn í sjúkraskýli eða sjúkratjald nálægt vígvellinum þar sem hann slasaðist. Hugsanlega heyrir hann enn þá skotbardaga í grennd og hugsar til annarra hermanna og vina sinna. Er hann feginn að vera laus við að vera á vígvellinum eða finnur hann mikið til? Hugsar hann um framtíðina?

Dagbók Ólafíu Arndísar bls. 32

Auk Ólafíu Arndísar Jónsdóttur eru persónur í þessum kafla sögunnar Kristján yngri bróðir hennar og foreldrar, sem og Gunnhildur, gamla konan á Möðruvöllum og nýju nágrannarnir á Dalvík, konan sem vinnur á bókasafninu og sonur hennar Anton Ísberg.

Á vefslóðinni http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-29431/6711_view-5064/6709_page-3/ er hægt að lesa um bókina og á eftirfarandi vefslóð svarar höfundur nokkrum spurningum um hana: <https://www.youtube.com/watch?v=hJdJ1aBhawg>

Fleiri bækur hafa komið út um Ólafíu Arndísi og dagbókarskrif hennar; *Flateyjarbréfin*, *Reisubók Ólafíu Arndísar* og *Lífsreglur Ólafíu Arndísar*.

Höfundurinn, Kristjana Friðbjörnsdóttir (f. 1976), er grunnskólakennari í Reykjavík og hefur einnig skrifað bækur um einkaspæjarann snjalla Fjöla Fífls.

Svör við spurningum í blöðrum á bls. 33, 36 og 39:

- Hvers vegna finnst Ólafíu Arndísi hún vera eins og Harry Potter?
Hún heldur að hún tali hundamál, a.m.k. skilur hún hundamál að eigin sögn og finnur þar líkingu með Harry Potter sem gat talað slöngumál.
- Hverjar voru hugleiðingar Ólafíu Arndísar þegar hún var að finna nafn á dagbókina sína?
Hún vildi að nafnið væri glæsilegt en ekki barnalegt eins og nafngiftin á dagbók Önnu Frank, eitthvað sem hæfði fínu bókinni hennar sem yrði kannski heimsfræg.
- Hvers vegna leist Ólafíu Arndísi vel á hugmynd Antons Ísbergs um nafnið Kalypsó á dagbókina?
Henni fannst nafnið hljóma vel, þýðing þess passaði líka, þ.e. sú sem felur þekkingu, og dagbókin passar einmitt leyndarmál. Auk þess er nafnið fengið frá grísku gyðjunni Calypso sem kemur fyrir í Odysseifskviðu Hómers.

Staldræðu við bls. 40–41

1. Nauðsynlegt er að afmarka þann tíma sem nemendur fá til undirbúnings og einnig að setja tímamörk á samtalið/leikpáttinn í flutningi. Huga þarf að upphafi, miðju og endi.

Verkefnið hentar einnig í spuna (sjá umfjöllun á bls. 3).

Innri rödd

Enn ein útfærslan er möguleg og það er svokölluð innri rödd. Þá þarf einn nemandi að vera innri rödd persónunnar og í tveggja persóna samtali eru því fjórir nemendur. Tveir setjast á stóla andspænis hvor öðrum en hinir standa fyrir aftan þá. Þeir sem sitja eru í hlutverki persónanna en hinir túlka hugsanir þeirra. Þeir sem sitja skipta sér ekkert af því sem „hugsanir þeirra“ segja. Í daglega lífinu felur maður stundum sínar raunverulegu tilfinningar og segir ekki það sem manni býr í brjósti. Ólafía lætur sig t.d. hafa það að borða morgunmatinn sem Gunnhildur býður henni þótt hún sé alls ekki svöng. Þá hugsar hún eflaust margt sem hún lætur ósagt. Þeir sem standa fyrir aftan stólana segja það sem í raunveruleikanum er verið að hugsa. Markmiðið er að fá fram hugsanir og tilfinningar persónunnar sem túlkuð er, þ.e. innri rödd hennar.

Auk verkefna sem eru í kennslubókinni undir 1. lið koma þessar aðstæður til greina:

- Þegar Gunnhildur segir Ólafíu Arndísi frá sjálfri sér og áhugamálum sínum og ætlar t.d. að fara með Ólafíu Arndísi í fjallgöngu sem hún hefur takmarkaðan áhuga á.
- Samskipti Ólafíu Arndísar og Gunnhildar þegar sú gamla vill endilega gefa henni morgunmat.
- Samskipti Ólafíu Arndísar og mömmu hennar þegar mamman gefur Ólafíu Arndísi ráð um hvernig hún eigi að umgangast ókunna hunda.
- Samskipti Ólafíu Arndísar og Antons Ísberg á kaffihúsinu þegar Ólafía segir frá dagbókinni sinni og að sig vanti gott nafn á hana.
- Samskipti Ólafíu Arndísar og Tótu þegar sú síðarnefnda hefur pissað og kúkað inni. Tóta talar hundamál sem Ólafía Arndís skilur eins og hún segir sjálf frá.
-

Tilgangur kennsluaðferðarinnar er að sýna fram á hve aðstæður geta orðið flóknar í samskiptum milli manna. Með því að skapa þessar aðstæður er unnt að fá fram hugsanir og tilfinningar persónunnar sem túlkuð er, þ.e. innri rödd hennar, oft hugsanir sem persónan á í erfiðleikum með að tjá. Með þessari aðferð dýpkar mögulega skilningur nemenda á persónum sögunnar.

Alla jafna er lögð á það áhersla í daglegu lífi að maður segi ekki allt sem upp í hugann kemur en hugsir samt allt sem maður segir. Hér á þetta alls ekki við og innri röddin má einmitt segja eitt og annað sem persónan hugsar en myndi aldrei segja við daglegar aðstæður. Þetta gengur hér og enginn þarf að móðgast eða verða sár því þetta eru persónur í sögu sem við erum að túlka en ekki skólafélagar eða vinir.

Meira um innri rödd sem kennsluaðferð og dæmi um notkun er að finna á bls. 32 í handbók fyrir kennara, *Leiklist í kennslu* eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur. Gefin út af Námsgagnastofnun árið 2006.

2. Verkefnið er tilvalið sem hópverkefni eða paraverkefni. Það þarf að gefa nemendum góðan tíma til rannsóknarvinnu og undirbúnings fyrir kynningu. Nemendur eru örugglega tilbúnir að finna önnur viðfangsefni sem þeir hafa áhuga á og vilja kynna sér. Það er um að gera að hafa þá með í ráðum, taka út og bæta við eftir áhuga og aðstæðum hverju sinni. Þeir geta miðlað afrakstri sínum, t.d. með glærusýningu, og vinnuna má tengja samfélagsgreinum, s.s. landafræði Íslands, sögu eða trúarbragðafræði.

3. Nafnspjöld eru mikið notuð í viðskiptum og til að mynda tengsl. Á vefslóð Frumkvöðla – íslensk nýsköpun og frumkvöðlastarf; www.frumkvodlar.is er fjallað um tilgang og notkun nafnspjalda: <http://www.frumkvodlar.is/nafnspjold-eru-ekki-bara-nafnspjold/>

Það er um að gera að virkja ímyndunaraflíð og leyfa sköpunargáfunni að njóta sín. Ýmis áhugaverð nafnspjöld sem hægt er að sýna nemendum er að finna m.a. á vefslóðinni: <http://curiousphotos.blogspot.com/2009/05/100-very-creative-business-cards-design.html#>

4.–5. Í ljóðaverkefnunum þurfa nemendur mjög sennilega að lesa textann aftur til að skerpa athyglina á persónueinkennum Ólafíu Arndísar og Antons Ísberg og tengslum þeirra við aðra. Einnig þurfa nemendur að skoða hvað þeir hafa fyrir stafni og hvernig þeir hegða sér. Verkefnið er tilvalið að vinna í pörum eða litlum hópum. Þeir sem eru fljótir að vinna geta haldið áfram og búið til sínar eigin málsgreinar eða t.d. fyrripart og/eða seinniþart af vísu. Partarnir geta síðan orðið framhaldsverkefni fyrir bekkinn.

Mögulega þarf að koma nemendum af stað með því að skoða í sameiningu persónueinkenni og hegðun. Þar getur verið gott að beita þankahríð og skrá orð á töfluna. Þannig geta nemendur sem eiga erfitt með að komast í gang nýtt sér það sem er í sameiginlega sjóðnum.

Aukaverkefni

Löng orð, t.d. Vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúrslyklakippuhringurinn.

- Hvert er lengsta orðið sem þið þekkið?
- Reynið að búa til löng orð.

Nemendur hafa venjulega mjög gaman af því að búa til löng samsett orð. Hægur vandi er að lauma inn reglum um samsett orð, þ.e. hvað gengur og hvað ekki. Stundum þarf að leiðbeina nemendum með samsetningarnar. Einnig getur verið að langa orðið sem hefur orðið til sé ekki rétt myndað og þá þarf gjarnan að hjálpa þeim að skipta út orðum eða bæta við endingum svo að langa orðið þeirra geti haldið sér.

Í íslensku eru samsetningar myndaðar á þrjá vegu:

- Stofnsamsetning eða föst samsetning (snjóbretti – snjó er stofninn af snjó).
- Eignarfallssamsetning eða laus samsetning (þá er fyrri liðurinn í eignarfalli eintölu eða fleirtölu sbr. bóndabýli – bændaskóli, barnsgrátur – barnaskóli).
- Bandstafssamsetning eða tengihljóðssamsetning (orð tengd saman með bandstaf sem ekki er eignarfallsending og ekki hluti stofns, bandstafir geta verið a, i, u og s; rusl-a-fata, eld-i-viður, sess-u-natur, keppni-s-grein).

Langalgengast er að nota stofnsamsetningu og eignarfallssamsetningu en engar reglur virðast til um hvora samsetninguna eigi að nota. Til eru tvíliðuð samsett orð þar sem báðar aðferðir eru notaðar og jafnvel allar þrjár: bóklestur-bókalestur, fiskbollur-fiskabollur-fiskibollur.

Dæmi um þetta eru einnig orð eins og Ægisíða, Landspítali, námskrá og guðspjall en í þessum orðum er um stofnsamsetningu að ræða. Stofninn er notaður við orðmyndunina. Það væri ekki rangt að mynda orðin með eignarfallssamsetningu, sem hefðu þá orðið Ægissíða, Landsspítali, námsskrá og guðsspjall, en í þessum tilfellum var það ekki valið.

Algengast er að samsett orð séu tvíliðuð, þ.e. samsett úr tveimur liðum. Nemendur geta prófað að finna orð sem eru samsett úr þremur eða fleiri liðum og væri hægt að setja upp keppni milli hópa í að finna sem flest orð sem eru samsett úr þremur, fjórum, fimm og jafnvel sex liðum.

Gott er að segja nemendum frá því að í framburði falla orðin oft í sundur þótt þau séu samsett.

Byggt á umfjöllun um samsett orð:

Guðrún Kvaran. 2005. *Íslensk tunga II. bindi. Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Reykjavík, Almenna bókafélagið (bls. 151-157).

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Handbók um málfræði*. Reykjavík, Námsgagnastofnun (bls. 253–255). Vefslóðin: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6406>

Daglegt líf í blokk bls. 42

Pétur Gunnarsson (f. 1947). Nánar: <http://www.islit.is/vidtol-vid-hofunda/nr/3128> og http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3947/6645_read-19108/RSkra-99

Staldræðu við bls. 42

1. Hvetja mætti nemendur til að punkta hjá sér áhugaverða og markverða hluti, einnig hugrenningar sínar og hugmyndir. Það má líka teikna myndir ef einhverjum finnst það betra. Sumir rithöfundar hafa alltaf vasabók með sér til að skrá hjá sér hugmyndir, hvar sem þeir eru. Það er nefnilega aldrei að vita hvenær hugmyndirnar birtast. Gott er að minna nemendur á að örsaga umhverfist um einn atburð eða hugmynd og má vera stutt.
2. Nauðsynlegt er að kynna vel fyrir nemendum hugtakið sjónarhorn áður en þeir velja á milli a), b) eða c) (Sjá umfjöllun á bls. 4).

Dagbækur Dadda bls. 43

Dagbækur Dadda (sem heitir Adrian Mole á frummálinu, ensku) eru eftir breska höfundinn Sue Townsend (1946–2014). Þær bera sterk einkenni lífnaðarháttá í Bretlandi þar sem aðalpersónan og dagbókarritarinn býr. Bækurnar eru átta talsins (þær hafa ekki allar verið þýddar á íslensku) og gerast frá árinu 1982, þegar Daddi er 13 ára, til ársins 2009 þegar síðasta bókin kom út og þá er hann orðinn miðaldra maður. Daddi kemur stundum ekki auga á spaugilegar hliðar í sínu daglega lífi og vandræði hans verða oft ansi mikil í augum hans sjálfs. Einnig eru til breskir sjónvarpsþættir um Adrian Mole. Wikipediusíða á ensku um Adrian Mole: https://en.wikipedia.org/wiki/Adrian_Mole

Staldræðu við bls. 43

1. Nemendur geta unnið þetta verkefni í litlum hópum eða allur bekkurinn sameiginlega. Útfærslan getur verið með ýmsum hætti; ein þeirra er að skrifa orðin á mismunandi litaðan pappír eftir orðflokki og líma síðan í dálka á spjald eða í bók. Þannig er auðvelt að leiðrétta mistök sem verða ef orð er ekki með réttum lit eða staðsett í röngum orðflokki.
2. Dagbókarfærsla hunds – 1. persónu frásögn eða ég-frásögn.
Nemendur þurfa að ákveða fyrir hönd hundsins skoðun sína á ömmunni. Til að koma nemendum af stað er unnt að hafa þankahríð og skrá á töflu. Þannig geta nemendur sem eiga erfitt með að byrja nýtt sér hugmyndir úr sameiginlegum sjóði. Hundurinn þarf að ákveða hvernig amma Dadda er.
3. Tengslin milli fulls tungls, 13. október og hegðunar hundsins er vísun í varúlfafræði, sjá bls. 110–111 í *Söguskinnu*.

Svör við spurningum í blöðrum á bls. 44 og 45:

- Hvaða lög brýtur Bert að hans mati?
Strákar eiga að verja tíma sínum í annað en að skrifa hugleiðingar sínar í dagbók því það gera bara stelpur.
- Hvers vegna ætlaði mamma Berts að mæla hann?
Vegna þess að hann óskaði eftir því að fá bók með auðum síðum í jólagjöf.

Dagbækur Berts bls. 44

Höfundarnir eru sænskir og heita Anders Jacobsson og Sören Olsson. Bækurnar um Bert Ljung eru fjölmargar og hafa verið þýddar á íslensku. Sænskir sjónvarpsþættir eru til um Bert Ljung og vini hans.

Staldræðu við bls. 46

1. Bert segir í textanum að það standi í lögum að karlkynið eigi ekki að skrifa dagbók. Það fylgdi því áhætta hjá honum að óska sér dagbókar í jólagjöf. Hann á samkvæmt lögnum að hafa áhuga á mótorhjólum og æfa kraftlyftingar. Hvað finnst nemendum um þessa fullyrðingu hans?
2. Bert segir í dagbókarskrifum sínum að það sé bara fyrir stelpur að skrifa dagbók. Hér er tilvalið að taka á kynjaumræðunni og spyrja spurninga eins og hvað hæfir hverju kyni fyrir sig? Hvers vegna er bleikt talinn stelpulitur og blátt strákalitur? Vita nemendur að bleikur hefur verið tískulitur fyrir karla? Sjá t.d.: <http://www.npr.org/2014/04/01/297159948/girls-are-taught-to-think-pink-but-that-wasnt-always-so>. Ræða mætti um kynjamisrétti á báða bóga, Bert vill t.d. gjarnan skrifa dagbók. Einnig mætti ræða kynbundin störf o.s.frv., þá mætti t.d. leiða umræðuna yfir í kynbundinn orðaforða eins og hetja (sem er kvenkyns orð) og kvenhetja, húsmóðir/húsfaðir, flugfreyja/flugþjónn, hjúkrunkona, ljósmóðir svo fátt eitt sé nefnt.
- 3.–4. Nafnorðin á minnislistunum má nýta m.a. í fallbeygingu, myndun afleiddra orða o.s.frv. Einnig getur kennari stungið upp á minnislista sem tengist því sem unnið er með við ákveðnar aðstæður og nemendur spreyta sig svo á orðum sem þeir þekkja ekki mikið. Dæmi um það væri t.d. áhöld sem notuð eru í ákveðnum atvinnugreinum; sjómennsku, landbúnaði, smíðavinnu, járnsmíðju, bílaverkstæði, snyrtistofu, tölvugeiranum, veitingaeldhúsi o.s.frv.

Aukaverkefni

Spurningar til umhugsunar:

- Hvaða lög brýtur Bert?
- Hvað gerir Bert að vanaafbrotamanni?
- Hvers vegna ætlaði mamma hans að mæla hann?

Bert endar hverja einustu dagbókarfærslu sína á orðunum: „Bless og takk – ekkert snakk!“

Hvetja mætti nemendur til að finna sinn eigin frasa.

Við hvaða aðstæður þarf að gera minnislista?

Ræðið saman og skráið sameiginlega á töfluna.

Tilviljun bls. 47

Hermann Stefánsson (f. 1968).

Nánar: http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-142/RSkra-142

Staldraðu við bls. 47

1. Útprentað blað með myndasögunni er hægt að nálgast [hér](#). Nemendur geta bætt við talblöðrum og texta.

Sérstakur dagur bls. 48

Ljóðið er eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur (f. 1930) og birtist fyrst í bók hennar *Klukkunni í turninum* (1992).

Nánari upplýsingar um höfundinn og fleiri ljóð hennar ásamt kennsluhugmyndum má finna hér: http://vefir.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/dit_vd_visur_2011.pdf

Staldraðu við bls. 49

1. Það eina sem lesandi fær að vita er að ljóðmælandi finnur á sér um leið og hann vaknar að dagurinn verði sérstakur. Í sendiferðinni finnur ljóðmælandinn perlu. Mikilvægt er að ákveða ekki eina túlkun og gefa nemendum færi á að ræða hvort perlan sé raunveruleg perla eða tákn fyrir eitthvað annað. Hver er ljóðmælandi? Er það höfundurinn sjálfur? Er það barn eða fullorðinn?

Fleiri verkefni og vangaveltur um dagbækur

- Í upphafi kaflans í þessum kennsluleiðbeiningum er að finna umræðu um hvers vegna fólk skrifar dagbækur.
- Nú til dags skrifar fólk blogg eða færslur á samskiptamiðla fremur en að halda dagbækur. Hér er verkefni með æfingum um blogg: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/blogg.pdf

Hlutverkaleikur

Gott er að afmarka spurningar sem beint er að hverri persónu sem sest í stólinn, t.d. ekki fleiri en fimm. Persónurnar geta komið úr ævintýrum og verið Rauðhetta, Hans eða Gréta, Þyrnirós, Hans klaufi eða raunverulegar og frægar, t.a.m. söngvari, leikari, íþróttamaður. Þessi leikur getur verið undanfari dagbókarskrifanna um þekkta sögupersónu og kallað fram hugmyndir sem nemendur geta nýtt sér í skrifunum.

Bækur til að hafa í stofu og ítarefni

- Frank, Anne. 1983. *Dagbók Önnu Frank*. Sveinn Víkingur þýddi. 2. útg. Iðunn, Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1977. *Kvæðasafn 1951–1976*. Iðunn, Reykjavík.
- Jakobsson, Anders og Olsson, Sören. *Fyrstu athuganir Berts: janúar – apríl*. Jón Daníelsson þýddi. Skjaldborg, Reykjavík.
- Kristjana Friðbjörnsdóttir. 2011. *Dagbók Ólafu Arndísar*. JPV, Reykjavík.
- Pétur Gunnarsson. 1989. *Vasabók*. Punktar, Reykjavík.
- Rakel Pálsdóttir. 2001. *Kötturinn í örbylgjuofninum og fleiri flökkusögur úr samtímanum*. Bjartur, Reykjavík.
- Townsend, Sue. 1985. *Dagbókin hans Dadda*. Björg Thorarensen þýddi. Fjölvi, Reykjavík.
- Vilborg Dagbjartsdóttir. 1992. *Klukkan í turninum*. Forlagið, Reykjavík.

3. kafli – Maður og náttúra

Viðmið kaflans er m.a. að nemendur efli hæfni sína í:

- að gera sér grein fyrir hvað þeir kunna og hvað þeir vilja vita
- að mynda sér eigin skoðun
- að rökstyðja eigin skoðun
- að taka þátt í umræðum og hlusta á aðra
- að greina samspil manns og náttúru
- að taka ákvarðanir

Opnumynd bls. 50–51

Hér gefst tilvalið tækifæri að ræða um myndina og velta vöngum.

- Hvar er myndin tekin? (sv: Myndin er af 13 ára dreng sem safnar rusli í borginni Manila á Filippseyjum)
- Af hverju er drengurinn svona glaður?
- Af hverju er svona mikið rusl?
- Hvað er í pokanum?
- Skoðið húsin í bakgrunni, býr einhver í þeim?

Plastrusl á sjó og landi bls. 52–53

KVL (kann – vil vita – lærði)

Nemendur skipta blaði í þrjá dálka sjá: http://egskil.is/pluginfile.php/171/mod_resource/content/1/K-V-L%20%C3%BEankas%C3%AD%C3%B0a.pdf

Um kennsluaðferðina: <http://egskil.is/mod/page/view.php?id=19>

Áður en nemendur lesa eða hlusta á textann þarf að gefa þeim tíma til að skrá á KVL blaðið:

- Það sem þeir vita núna um plastrusl á sjó og landi í fyrsta dálkinn (kann (K)).
- Síðan strax í framhaldi hvað þeir vilja vita í miðjudálkinn (vil vita (V)).
- Eftir lestur eða hlustun á textanum ljúka nemendur við að fylla inn upplýsingar á KVL blaðið sitt og þá í síðasta dálkinn (lærði (L)).

Nánari upplýsingar um skjaldbökkuna (Peanut the turtle) má nálgast hér: <http://inhabitat.com/peanut-the-story-behind-the-poor-sea-turtle-deformed-by-a-six-pack-ring/>

Til hægðarauka fyrir kennara má nálgast tímalínunna sem er á síðu 54–55 [hér](#). Það getur ef til vill verið þægilegt að varpa henni upp á skjá til umræðna.

Staldræðu við bls. 55

Hvernig er staðan í skólanum? Ef rusl er ekki flokkað í skólanum geta nemendur komið með tillögur að úrbótum í þeim efnum.

Í skólum sem flokka rusl er unnt að hugsa sér að nemendur finni atriði sem betur megi fara og komi þeim hugmyndum í ferli sem verði að raunveruleika.

Tímalínuna á bls. 54–55 má vinna með á ýmsan máta. Nemendur geta útbúið spjöld sem hengd eru á ganga skólans, t.d. í formi *Vissir þú* ...

Einnig geta nemendur tekið mynd af rusli/drasli og skrifað upplýsingar við. Hægt er að vinna í ýmsum forritum, m.a. photo-story þar sem klippa má saman stillimyndir, skrifa texta við og setja saman í sýningu. Nemendur geta ef til vill fengið leyfi til að birta verkefni á heimasíðu skólans.

Nokkrar gagnlegar vefsíður:

Meira um plasteyjuna: <https://www.youtube.com/watch?v=mkfAnQtlUCw>

Fræðsluefni frá Sorpu: <http://www.sorpa.is/frodleikur/nams--og-fraedsluefni>

Hvernig er pappír endurunninn: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5467>

Endurvinnsla: <http://www.ust.is/einstaklingar/graenn-lifsstill/heimilid/endurvinnsla/>

Spilið *Nýtum og njótum*: <http://eldri.reykjavik.is/portalddata/1/Resources//NNspilA3.pdf>

Náttúran.is <http://natturan.is/>

Umhverfisstofnun Evrópu: <http://graenskref.reykjavik.is/>

Vefur Háskóla Íslands um sjálfbærni og umhverfi: <http://www.hi.is/umhverfismal>

Dregið úr notkun plastpoka bls. 56

Hér getur kennari haldið áfram umræðu um umhverfismál og tengt hana daglegu lífi nemenda.

Staldræðu við bls. 57

- 1.–2. Er því fylgt eftir ef einhver skilur eftir óhreinindi á lóð eða landi annarra?
Þarf að bæta einhverju við í lögreglusamþykktina, t.d. með þetta atriði í huga?
3. Þegar nemendahópurinn hefur unnið sínar samþykktir og kynnt þær getur hópurinn valið úr þeim hugmyndum og gert að skólasamþykkt sem færi síðan fyrir nemendaráð og jafnvel skólaráð til umfjöllunar og samþykktar. Samþykktirnar geta snúist um frímínútur, hegðun, matartíma, heimavinnu, sætaskipan, útlán á bókasafninu, tölvunotkun, símareglur, óskilamuni, flokkun á rusli o.s.frv.

Stelpan frá Stokkseyri bls. 58

Margrét Frímannsdóttir (f. 1954) ólst upp á Stokkseyri.

Hún hefur því verið lítil stúlka á 6. og fram á 7. áratug síðustu aldar.

Um bókina: <http://skemman.is/stream/get/1946/9066/23885/1/c.2006.2.2.10.pdf>

Staldraðu við bls. 58

Gott er að hver og einn í hópnum hafi hlutverk. Einn er ritari, annar tímavörður, einn er fundarstjóri, einn kynnir niðurstöður hópsins o.s.frv.

Færa má umræðuna yfir á hvernig sorphirðumálum í ykkar byggð er háttað. Hvernig er með hreinsun strandlengjunnar. Hvert fer skolpið? Fer það beint út í sjó eða í sérstakar hreinsistöðvar?

Vefslóðir:

Vöktun strandsjávar: http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3822/6631_view-2954/

Grænu skrefin: <http://graenskref.reykjavik.is/>

Um strandlengjuna í Reykjavík: <http://natturan.is/samfelagid/efni/10041/>

Skólphreinsun: <https://is.wikipedia.org/wiki/Sk%C3%B3lphreinsun>

Um frárennismál á höfuðborgarsvæðinu: http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3822/6631_view-2955/

Tekk bls. 59

Sigurður Pálsson (f. 1948) rithöfundur og þýðandi.

Nánar: http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3947/6645_read-19083/RSkra-106

Tekk er viðartegund sem algeng er víða í Asíu, t.a.m. á Indlandi.

Um tekk: http://skemman.is/stream/get/1946/1894/5514/3/tresmidi_umbr.pdf

Staldraðu við bls. 59

1. Hvað þarf til svo að úr verði skrifborð? Kennari getur skrifað punkta á töfluna til að hjálpa nemendum af stað: Polinmóðir fílar. Þykkir trjábolir. Þéttur tekkskógur. Choo Phya-fljót. Sögunarmylla. Flutningur milli landa (skip/flugvél). Smíður. Hönnuður. Verslun. Kaupandi.
Ætla má að Choo Phya-fljótið sé það sama og Chao Phraya-fljótið (379 km) sem rennur langa vegu áður en það fer í gegnum Bangkok höfuðborg Tælands og síðan í Tælandsflóann.
Nánar: <http://www.ayutthaya-boat.com/chao-phraya.php>
2. Tilvalið heimaverkefni. Hvetja mætti nemendur til að finna hlut sem þeir rekja frá upprunalandi til síns heima. Ferð bangsa æsku þinnar frá upprunalandi til þín? Ferð uppáhaldspeysunnar þinnar frá uppruna til þín? Ferð gleraugna þinna frá framleiðslulandi? Ferð einhvern uppáhalds matartegundar eða ávaxtar frá upprunalandi til Íslands?
Benda á andstæður í sögunni/prósanum: Lítið og fínlegt borð / þykkir og þungir trjábolir.

Maður sem byggði óvenjuleg hús bls. 60

Vefsíða um hús Hundertwassers, staðsetningu og myndir: <http://www.kunsthhauswien.com/en/museum/hundertwasser-architecture>

Staldráðu við bls. 61

1. Bekkjarfundur er góð uppsetning þar sem bolti gengur á milli og allir fá að segja eitthvað um hús Hundertwassers, þannig taka allir þátt.
2. Hann vildi hafa samhljóm, að hús og náttúra tengdust.
3. Nemendur geta einnig í samráði við kennara hannað heila götu eða jafnvel þorp. Þá þarf að hanna garða, útisvæði, verslanir, skóla og fleira. Möguleiki væri að útfæra verkefnið í hugmyndasamkeppni um skólalóð í anda Hundertwassers, almenningsgarð í hverfinu, jafnvel skemmtigarð sem væri umhverfisvænn. Samvinna við náttúrufræðikennara væri hugsanleg, t.d. í sambandi við orku og orkunýtingu. Gott er að leggja áherslu á að á myndunum séu skýringar.

Aukaverkefni: Hús og mannvirki sem falla ekki að umhverfinu.

Hvetja mætti nemendur til að skoða sitt eigið umhverfi. Eru dæmi þar um byggingar, mannvirki sem eru hönnuð og byggð í anda Hundertwassers? Eru dæmi um hús sem falla vel að umhverfinu, torf á þaki, byggingarlag o.s.frv. Einnig mætti finna hús og mannvirki sem falla ekki að umhverfinu og lýsa því. Hvað finnst nemendum t.d. um ráðhúsið í Reykjavíkurtjörn, nýju kirkjuna á Blönduósi (vígð 1993), tónleikahúsið Hof á Akureyri, Seðlabankann, Kringluna, hús Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri í Fljótssdal eða Hallgrímskirkju? (Það má auðveldlega finna myndir af öllum þessum húsum á netinu.) Auk þess mætti jafnvel ræða hvernig mislæg gatnamót á mörgum hæðum falla að umhverfinu. Nemendur geta tekið með myndavélar til að skoða hús og mannvirki og skrá athuganir sínar. Tilvalið væri að nemendur sýndu afrakstur í bekknum og útskýrðu niðurstöður sínar.

Myndirnar á bls. 62–63

Ljósmyndir Einars Fals Ingólfssonar (1966) eru unnar með hliðsjón af vatnslitamyndum, teikningum og ljósmyndum sem breski myndlistarmaðurinn William Gershom Collingwood (1854-1932) málaði og tók af stöðum sem koma fyrir í Íslendingasögunum á tíu vikna ferðalagi um Ísland sumarið 1897. Einar ferðaðist í þrjú sumur frá 2007-2009 og tók ljósmyndir frá sömu sjónarhornum og Collingwood eða af sömu myndefnum.

Ljósmyndin: Í Vatnsdal. Jörundarfell í austri (03.08.2008)

Vatnslitamyndin: Vatnsdalur. Flóðið til vinstri, Jörundarfell fyrir miðju, Hnjúkurinn til hægri, 18. júlí 1897.

Hér er lagt til að kennari gefi sér tíma til að skoða myndirnar, ræða um þær og bera þær saman áður en verkefnin eru unnin.

Staldraðu við bls. 63

1. Landslag breytist í tímans rás af ýmsum ástæðum: af völdum manna, eldgosa eða jarðskjálfta, gróður vex á landinu eða gróðurfar breytist, uppblástur lands, bráðnun jökla, hækkun á yfirborði sjávar o.s.frv.
2. Undirbúinn er fundur um ákveðið málefni í umhverfi nemenda sem tengist náttúrunni.

Það getur verið eitthvað af hugmyndunum sem komu fram í umræðum nemenda hér á undan.

Hópnum skipt í tvennt. Þeir sem eru á móti breytingunum annars vegar og þeir sem eru hlyntir þeim hins vegar. Nemendur undirbúa einnar til tveggja mínútna ræðu þar sem þeir rökstyðja skoðun sína. Þannig æfa þeir rökræður, að vera með eða á móti. Að tala gegn sinni skoðun er erfitt og því skiptir miklu að undirbúa það vel. Hugmyndir að umræðuefni: virkjanir og virkjanaframkvæmdir, bygging háhýsa sem skyggja á önnur hús, græn svæði tekin undir byggingar, gatnaframkvæmdir sem hafa áhrif á umhverfið, skógrækt. Einnig mætti ræða um hvort nota ætti götulýsingar í bæjum og borgum sem valda því að við sjáum ekki stjörnurnar, hvort rétt sé að loka götum á sumrin eða gera fleiri göngugötur.

Kverkfjöll bls. 64

Ingunn Snædal (f. 1971).

Nánar: http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18712/

Staldraðu við bls. 64

Ljóðmælandinn skammast sín fyrir að hafa kastað plastflösku út úr bílnum. Honum finnst landverðir vera til fyrirmyndar og trúir því að þeir hendi ekki rusli úti í náttúrunni.

Umræða um rusl og drasl. Umræðuhópar – bekkjarfundur.

- Undir hvaða kringumstæðum henda nemendur rusli og hvenær ekki?
- Er hegðun þeirra eins úti í náttúrunni og t.d. í bíósal eða leikhúsi?
- Er í lagi að henda popp-pokanum á gólfið í bíósalnum af því einhverjir aðrir gera það?
Hvað með úti á götu eða í náttúrunni?
- Vissu nemendur fyrir að það er bannað samkvæmt lögreglusamþykkt að henda rusli á víðavangi?
- Hvað finnst nemendum um tyggjóklessur á gangstéttum og bílastæðum sem sjást í öllum bæjum á Íslandi?
- Hafa nemendur velt því fyrir sér að velja frekar margnota umbúðir (t.d. glerflöskur sem má skila) en einnota umbúðir eða sleppa því að þiggja poka utan um hluti og mat sem þeir kaupa (taka kannski tösku með sér í matvörubúð)?
- Hafa nemendur velt því fyrir sér að ekkert hverfur „út í buskann“? Þ.e.a.s. ef fólk hendir ólífrænu rusli á víðavangi þá hverfur það mjög seint og illa, það er bara þarna eða fýkur eitthvert (ef enginn annar hirðir það upp).

Aukaverkefni

1. Að pakka fyrir ferðalag

Áfangastaðurinn skiptir máli þegar þú pakkar og ákveður hvað þú tekur með þér. Hugsaðu um hvað er nauðsynlegt að taka með og hvað er óþarft.

- Fyrst skaltu ákveða hvert þú ætlar að fara og í hvað langan tíma. Ertu að fara í gönguferð í óbyggðum, í hringferð í kringum landið í bíl, í sólarlandaferð til útlanda, í heimsókn til ættingja á Íslandi eða í útlöndum eða eitthvert annað?
- Útbúðu lista með því sem þér finnst nauðsynlegt að taka með þér.
- Þegar þú hefur útbúið listann þinn kemur í ljós að þú mátt bara taka tíu hluti með þér í ferðalagið. Hvaða tíu hluti af listanum þínum velur þú að taka með og hvers vegna einmitt þá?

2. Auglýsing

Nemendur eru beðnir að fara út og skoða umhverfið, skólalóðina eða leiðina til og frá skóla. Þeir eiga að taka mynd af rusli sem þeir finna og semja texta við myndina. Hvetja mætti nemendur til að tína ruslið upp og fleygja því á réttan stað.

Dæmi: Þessi kókflaska var skilin eftir í Bankastræti, eigandi getur sótt hana í Sorpu. Sófi var skilinn eftir í Öskjuhlíð, eigandi sæki hann tafarlaust. Rusl í óskilum ...

Rusl í Reykjavík er facebooksamfélag með svona myndum:

<https://www.facebook.com/ruslireykjavik/>

Nemendur útbúa tilkynningu eða auglýsingu og huga að því hvar hún eigi að birtast. Á hún að vera hengd upp á auglýsingatöflu, send í tölvupósti, birtast á samfélagsmiðlum eða á heimasíðu, í blaði eða í dreifibréfi, í sjónvarpi eða útvarpi? Mikilvægt er að fá nemendur til hugsa um mismunandi tilgang auglýsingarinnar og hvaða miðill henti best. Dæmi:

- kötturinn þinn týndist
- hver vill koma með þér í bíó?
- bekkurinn ætlar að halda kökubasar til fjáröflunar
- liðið þarf fleiri leikmenn fyrir keppnina um næstu helgi
- ný reglugerð frá Alþingi

Haustsúpa bls. 65

Kristín Ómarsdóttir (f. 1962).

Nánar: http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-83/RSkra-83

Staldræðu við bls. 65

Til umhugsunar: Hver ætli sé að sjóða í ljóðinu og til hvers?

1. Að breyta titlinum. Gefa mætti nemendum möguleika á einhverju öðru en að sjóða súpu. Titillinn getur tengst því að grilla, baka, steikja, grafa, reykja, súrsa o.s.frv. Þannig getur ljóðið haft titillinn jólabakstur, vorgrill eða annað sem nemendum dettur í hug.
2. Hvað er til ráða ef maður er matarlaus í óbyggðum?
Einnig mætti ræða um árstíðabundinn mat, að nærast á því sem umhverfið býður

upp á og að hafa matinn ferskan (eggjatísla á vorin, berjatísla og kartöflu- eða grænmetisuppskera á haustin, gæsa- og rjúpnaveiðar. Hollara er að borða ferskan mat en unnar matvörur.

Ýmislegt um jurtir og nýtingu þeirra: <http://natturan.is/samfelagid/efni/9054/>

Bækur til að hafa í stofu og ítarefni

Birgitta Stefánsdóttir og Stefán Gíslason: 2015. *Er það satt að plasteyjur, miklu stærri en Ísland, fljóti um heimshöfin?* <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=54188> (Skoðað 1. nóvember 2015).

Einar Falur Ingólfsson. 2010. *Sögustaðir: í fótspor W.G. Collingwood*. Crymogea: Þjóðminjasafnið, Reykjavík.

Ingunn Snædal. 2008. *Í fjarveru trjáa: vegaljóð*. Bjartur, Reykjavík.

Kristín Ómarsdóttir. 2008. *Sjáðu fegurð þína*. Uppheimar, Akranesi.

Sigurður Pálsson. 2010. *Ljóðlínusafn*. JPV, Reykjavík.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir. 2006. *Stelpan frá Stokkseyri: saga Margrétar Frímansdóttur*. Hólar, Reykjavík.

Barabara Stieff. 2008. *Hundertwasser for kids / Harvesting Dreams in the Realm of the Painter-King*. Prestel Verlag, Munich-London-New York.

4. kafli – Á framandi slóðum

Viðmið kaflans er m.a. að nemendur efli hæfni sína í:

- að skoða tíma í sögum
- að skoða aðstæður og umhverfi í sögum
- að skrifa póstkort
- að finna líkingar (myndhverfingar) í ljóði
- að finna nafnorð, sagnorð og lýsingarorð

Opnumynd bls. 66–67

Hér gefst tilvalið tækifæri til að ræða um myndina og velta vöngum.

- Hvaða fjall er þetta?
- Er þetta í heitu landi?
- Hvar er myndin tekin?
- Eru þetta íbúðarhús? Býr einhver þarna?
- Frá hvaða tíma haldið þið að þetta sé?
o.s.frv.

Til kennara: Myndin er tekin á Ítalíu, á þeim stað þar sem Pompei var grafin úr rústum og er safn í dag. Í bakgrunni er fjallið Vesúvíus.

Aftur til Pompei bls. 68

Kaflinn sem hér birtist er 10. kafli bókarinnar.

Pompei var rómversk borg sem stóð við rætur eldfjallsins Vesúvíusar og er í grennd við borgina Napolí á Ítalíu. Í ágúst árið 79 hófst mikið eldgos í Vesúvíusi og gróf bæði Pompei og nærliggjandi borg, Herculaneum, undir ösku. Árið 1748 var byrjað að grafa Pompei upp og eru rústir hennar á heimsminjaskrá UNESCO. Um 20.000 manns bjuggu í Pompei þegar gosið varð.

Áður en nemendur lesa kaflann eru þeir beðnir að skoða tímann í sögunni, ytri tíma og innri tíma, tímaflakkið og hvort sagt er frá í réttri tímaröð. Nánar um innri tíma og ytri tíma er í kennslubókinni á bls. 78 og nánar um tíma í sögum er aðgengilegt efni í *Hugfinni* bls. 77–78.

Tillögur að svörum við spurningum í blöðrum á bls. 69, 71, 73 og 76:

- Hvers vegna varð Ramóna allt í einu hamingjusöm?
Hún naut þess að sjá Pompei lifna við í morgunsárið, kaupmenn opna sölubásana, umkringd fallegu landslagi og gleymdi yfirvofandi hamförum eitt augnablik.
- Hvernig var umhorfs í baðhúsinu og hvernig voru hefðirnar?
Baðhúsið var glæsilegt, súlur og marmari, mósaík og útskornar hurðir. Konur og karlar böðuðust nakin og sitt í hvoru lagi.
- Hvernig stóð á því að Theó fannst Ramóna fáfróð?
Af því að hún skildi ekki tímatal hans. Hjá honum var ágúst X fyrir kalendas en maí mánuður hjá henni.
- Hvernig náði Ramóna að sannfæra Theó um hættuna sem vofði yfir?
Hún sagði honum að hundur Prímusar myndi deyja. Theó þekkti Plútó og hlustaði þá betur á varnarorð Ramónu.

Staldraðu við bls. 79

1. Hér eru svör við punktunum sem nemendur eru beðnir að hafa í huga á meðan þeir lesa kaflann og tengjast þremur fyrstu verkefnum eftir lesturinn:
 - Í innri tíma kaflans eru samskipti Theós og Ramónu og sagt frá þeim í rétttri tímaröð. Ytri tími sögunnar spannar tímabilið frá árinu 79 e.Kr. til nútímans.
 - Sagt er frá atburðum sem gerast á tveimur mismunandi tímasviðum. Skoðunarferð Ramónu og Theós um götur Pompei árið 79 e.Kr. og síðan vitneskja Ramónu um hvað muni gerast og að eftir fjórða jarðskjálftann byrji eldgosið, hún rifjar einnig upp tíma sinn með skólafélögum daginn áður sem er þá nútíminn.
 - Já, það er sagt frá því að eldgos muni hefjast í Vesúvíusi og að flestir íbúar þorpsins muni deyja.
 - Kaflinn greinir frá hluta úr degi; frá því að íbúar Pompei vakna snemma morguns og setja upp sölubásana og eitthvað fram eftir deginum, þangað til krakkarnir leiðast niður götuna í lok kaflans, en óljóst er hvort þá er komið síðdegi eða kvöld. Þetta er innri tími kaflans. Ramóna segir Theó frá því að þriðji jarðskjálftinn hafi átt sér stað daginn áður og að eftir þann fjórða hefjist eldgosið. Það hófst 24. ágúst árið 79 e.Kr.
2. Hvað líður langur tími frá því að íbúar Pompei vakna og þangað til krakkarnir leiðast niður götuna í lok kaflans? Kaflinn byrjar snemma um morgun og af textanum má ráða að það líði ekkert mjög langur tími þar til þau fara að leiðast seinna um daginn. Það er þá innri tími sögunnar.
3. Hvenær haldið þið að sagan gerist? Hvað í sögunni sýnir það? Sagan gerist á árinu 79 e.Kr. og sagt er frá yfirvofandi eldgosi í Vesúvíusi sem átti sér stað það sama ár. Þetta er dæmi um ytri tíma sögunnar í þessum kafla.
4. Dæmi um nokkur atriði sem Theó og Ramóna upplifa ólíkt og má lesa úr textanum:
 - kjötið (hangir / plastað í kæli)
 - baðhúsið – karlar og konur baða sig hvert í sínu lagi
 - baðföt
 - tímatal
 - tölur eða skortur á þeim

- 5.–6.** Ljóðið getur verið sett upp eins og prósi ef það reynist nemendum léttara viðfangsefni. Hér er upplagt að hvetja nemendur til að spinna í eyður því upplýsingar eru kannski ekki nægar til að fylla út í allar línur. Það er einnig tilvalið að vinna í pörum eða litlum hópum.
- 7.** Að fara í tímavél. Rifja mætti upp með nemendum merka atburði mannkynssögunnar, til dæmis:
- Armstrong steig fyrstur manna á tunglið 20. júlí 1969.
 - Flugvélaárásin á tvíburaturnana 11. september 2001.
 - Fall Berlínarmúrsins 9.–10. nóvember 1989.
 - Heimstyrjöldinni síðari lauk í maí 1945.
 - Titanic sökk 11. apríl 1912.

Á leið til Timbúktú bls. 80

Jóhanna Kristjónsdóttir (f. 1940) blaðamaður og rithöfundur hefur ferðast víða um Mið-Austurlönd og talar arabísku. Hún hefur skrifað bækur um ferðir sínar og búsetu víða um heim og einnig um bernsku sína, sjá viðtal: <https://www.youtube.com/watch?v=IXET7a6mdBE>

Ljósmyndin efst á síðunni er tekin af fiskibátum á Pranburi-ströndinni við Tæland og upplagt að nota hana sem kveikju til umræðna.

Staldræðu við bls. 81

- 1.** Hér væri tilvalið að skipta bekknum í hópa og hver hópur ræði eina fullyrðingu og hvernig hún tengist ljóðinu. Einnig má hugsa sér að fullyrðingarnar séu bornar saman í pallborðsumræðum. Hver hópur undirbýr þá stutta tölu og færir rök fyrir sinni fullyrðingu og tengingu hennar við ljóðið.
- 2.**
 - a) Að reka inn nefið er orðtak sem oft heyrst og stundum sagt að í nútímanum sé fólk alveg hætt að reka inn nefið, þ.e. að koma í stutta heimsókn án þess að gera boð á undan sér.
 - Að kíkja í heimsókn
 - Að koma við
 - Að líta inn
 - Betri er koma góðs gests en kveðja (málsháttur).
 - Að koma í skreppu
 - Að detta inn
 - b) mörg svör koma til greina
 - c) t.d. stökkva upp á nef sér, að vera með nefið ofan í hvers manns koppi
- 3.** Löndin og staðirnir sem nefndir eru í ljóðinu eru Kambódía, Líbanon, Zansibar, Laos, Írak, Búrma, Japan, Mósambik og Timbúktú.

Garðálfar á flakki bls. 82

Hér er blaðagrein um garðálfinn sem skilaði sér heim: <http://www.aftonbladet.se/resa/article10513131.ab>

Sjá má nýlega sænska sjónvarpsfrétt um ferðir annars garðálfs sem var stolið en kom aftur fjórum mánuðum síðar með ferðatösku og myndaalbúm: <http://tv.aftonbladet.se/abtv/articles/24587>

Hér er bresk frétt, nokkurra ára, sem segir svipaða sögu: <http://www.dailymail.co.uk/news/article-1043552/Gnome-Stolen-garden-elf-returned-7-month-adventure-world.html>

Staldraðu við bls. 84

1. Helsta baráttumál meðlima Frelsissamtaka garðálfa er að stela garðálfum, safna þeim saman í skógum hér og þar eða senda þá í ferðalög.
2. Að taka frá öðrum er siðferðilega ekki rétt en það má færa umræðuna yfir á spaugilegu hliðina og ræða hvort það sé stór glæpur að fá eitthvað sem er hvorki dýrt né erfitt að útvega sér „lánað“ í smátíma og skila því svo aftur óskemmdu. Svo má einnig búast við því að einhverjir séu mjög hneykslaðir á garðálfapjófum og hugsanlega er það fullkomlega réttmætt að finnast rangt að stela garðálfum. Einnig má tengja við 1. kaflann um flökkusögur. Eru þessi samtök í raun og veru til, eru frásagnir ýktar og hafa nemendur heyrt álíka sögur? Gætu garðálfasögurnar verið flökkusögur? Gæti sagan um flakkandi garðálfa upphaflega verið skemmtileg flökkusaga sem fólk fór síðan að yfirfæra í raunveruleikann og herma eftir?
3. Með tilkomu samskiptamiðla og sífellt tæknilegri síma eru póstkortaskrif á undanhaldi. Sá skemmtilegi siður að skrifa á póstkort og senda til fjölskyldu og vina á samt eflaust eftir að lifa áfram. Á ferðamannastöðum um allan heim eru póstkort enn þá áberandi í minjagripaverslunum og hjá torgsölum.

Nemendur velja sér stað þar sem garðálfurinn er staddur og geta nýtt sér myndaforrit í tölvu til að klippa og líma garðálfinn inn í mynd af völdum stað. Þeir þurfa að setja sig í spor garðálfsins og segja frá í 1. persónu sem ákveðinn garðálfur. Finna má upplýsingar um staðinn og hvað garðálfurinn hafi skoðað og gert. Til að gera verkefnið raunverulegt væri upplagt að leyfa nemendum að senda kortið til einhverra í fjölskyldunni eða vina sinna. Verkefnið tengist landafræði og mætti hugsa sér samvinnu þar á milli.

Sambærilegt verkefni með leiðbeiningum er á bls. 30 í *Flökkuskinnu* og á bls. 16 í kennsluleiðbeiningum með bókinni.

Hundertwasser og garðálfarnir bls. 84

Hundertwasser hélt því fram að nútímamaðurinn væri búinn að missa tengslin við umhverfi sitt og að maðurinn skilji ekki lengur dýr, plöntur og verur sem lifa í náttúrunni. Með því að hafa garðálfa í garðinum sínum væri mannfólkið að reyna að ná aftur sambandi við náttúruöflin sem það hefur breytt að eigin ósk með því að byggja hús og leggja vegi. Hann segir að garðálfar séu milligönguverur sem tengja manninn við náttúruna; þeir eru lágvaxnir og því til þess fallnir að tala við snigla, smádýr og plöntur.

Tenging við álfa og álfatrú hér á landi getur verið áhugaverð í þessu sambandi. Þekktar sögur eru um að Íslendingar hafi náð samkomulagi við álfa til að geta byggt og lagt vegi. Ef það sé ekki gert, álfasteinn t.d. fjarlægður án samþykkis álfaibúanna, fari ekki vel og dæmi eru um slíkt í frásögnum. Þessar sögur tengjast einnig flökkusögum, sjá 1. kafla.

Hversu útbreidd er álfatrúin í heiminum: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=23875>

Ýmislegt um álfa og huldufólk: <http://www.ismennt.is/vefir/ari/alfar/Index.html>

Heimildarmynd með íslensku tali: Elves, Ghosts, Sea Monsters & ETs In Iceland -

Investigation Into The Invisible World <https://www.youtube.com/watch?v=gRjatXe5bis>

Flugan sem dreymdi að hún væri örn bls. 85

Örsagan um fluguna sem dreymdi að hún væri örn hefur einkenni dæmisögu þar sem dýr eru iðulega notuð sem fulltrúar ákveðinna eiginleika en halda þó áfram að vera dýr með sínar siðvenjur og þarfir. Meginatriði dæmisagna almennt er boðskapur þeirra sem er skýr og auðskilinn. Meira um dæmisögur er að finna í kennaraleiðbeiningum með *Blákápu* (bls. 50) http://www.nams.is/pdf/blakapa/blakapa_klb.pdf

Staldræðu við bls. 85

1. Flugan fylltist angist af því að vera í líki arnar því þá gat hún ekki gert ýmislegt sem hún var vön að gera sem fluga. Henni fannst hún líka allt of stór og klunnaleg.
2. Hún barmaði sér yfir að vera ekki örn og geta flogið hátt yfir fjöll.
3. Það getur verið munur á því hvað sagan fjallar um og hver boðskapur hennar er. Ef lýsingin á flugunni ætti við manneskju, hvernig væri sú manneskja? Boðskapur sögunnar gæti verið að vilja meira eða annað en maður hefur eða að ekki sé alltaf hægt að fá allt það besta.
4. Málshættir innihalda heilræði um æskilega hegðun, rétt eins og dæmisögur gera. Nemendum reynist oft erfiðara að skilja málshættina en dæmisögurnar og hér gefst ágætt tilefni að ræða það.

Málshættir/orðtök sem geta átt við boðskap sögunnar:

- Grasið er (ekki alltaf) grænna hinum megin.
- Ekki verður bæði sleppt og haldið.
- Sá á kvölina sem á völin.

Agios Ammos bls. 86

Markmiðið er að huga að umhverfi í sögum og nemendur eru hvattir til að taka vel eftir því hvernig aðstæðum og umhverfi er lýst á meðan þeir lesa sögubrotin um Tsatsiki. Spurningarnar í staldraðu við á bls. 94–95 eru til þess ætlaðar að efla lesskilning og fá nemendur til að rýna í textann.

Tillögur að svörum við spurningum í blöðrum á bls. 87–94:

- Hvernig var umhorfs í Agios Ammos?
Húsin í litla þorpinu voru hvítkölluð og lágu utan í klettóttri fjallshlíð. Við bryggjuna voru fiskibátar í öllum regnbogans litum. Fáir voru á ferli, sólin skein.
- Hvaða lykt fundu Tsatsiki og Múttu?
Þau fundu kolkrabba-/fiskilykt af fiskibátunum og einnig lykt af blóðbergi og ólífú- og furutrjám.
- Hvers vegna var Tsatsiki bæði fullur tilhlökkunar og kvíðinn?
Hann var spenntur fyrir því að hitta pabba sinn sem hann hafði bara heyrt talað um en aldrei séð nema á eldgamalli ljósmynd. Hann kveið því að pabbi hans yrði kannski ekkert hrifinn af að uppgötva að hann ætti barn. Mest kveið hann því að lítast ekki á pabba sinn.
- Hvers vegna fannst Tsatsiki hann hafa verið svikinn?
Vegna þess að mamma hans hafði ekki sagt honum frá ættingjum sínum, hann vissi ekkert um þá og gat ekki talað við þá.
- Hvernig leið Tsatsiki þegar hann sá kolkrabbaveiðimanninn?
Hann fékk fiðring í magann, hnén skulfu svolítið eins og honum væri kalt og hjartað sló hraðar.
- Hvernig gat Tsatsiki vitað að Yanis væri pabbi hans áður en Múttu sagði honum það?
Hugsanlega gerði Tsatsiki sér grein fyrir líkindum, að augu Yanis voru svört líkt og hans og yfirvararskeggið eins og á Dimitris afa hans. Pabbi hans fölnaði þegar hann sá Múttu og kallaði hana hafmeyju. Hann knúsaði líka og kyssti Múttu svo lengi.
- Hvað uppgötvaði Tsatsiki neðansjávar?
Að það skiptir ekki máli að maður tali ekki sama tungumál og pápi manns þegar maður er neðansjávar. Tsatsiki uppgötvaði að hafið er hljótt en líka spennandi, fullt af fiskum og á botninum liggja fjársjóðir.
- Hvers vegna var Tsatsiki nærri druknaður?
Þegar pabbi hans skutlaði spjótinu í brúnan fisk með langan sporð, gleymdi Tsatsiki sér eitt augnablik í hrifningu sinni, og munnurinn fylltist af sjó þegar hann sagði „váá“.
- Hvaða hæfileika hafði Tsatsiki?
Hann hafði góða kolkrabbasjón. Komst fljótt upp á lag með að þekkja loftbólurnar sem stigu upp þegar kolkrabbarnir drógu andann.

Staldráðu við bls. 94–95

1.
 - Agios Ammos er lítið þorp í Grikklandi þar sem pabbi Tsatsiki og amma búa.
 - Þorpið liggur utan í klettótttri fjallshlíð við sjávarströndina.
 - Húsin eru hvítkölluð og skjannabjört þegar sólin glampar á þau.
 - Það er mjög heitt í veðri og sólin skín.
 - Fiskibátar liggja við bryggju. Það er sandströnd. Lykt af blóðbergi, furu og ólífutrjám gefur til kynna að þessar tegundir vaxa þarna. Við ströndina eru verslanir, veitingastaðir og kaffihús.
2. Hér er tilvalið að skoða bókarkápur með nemendum og lesa textann á baksíðunni. Með því að útbúa stuttan texta fá nemendur æfingu í að semja útdrátt og hér er aðeins um kafla að ræða en ekki heila bók sem ætti að vera viðráðanlegt. Nemendur búa til sinn eigin titil á bókina og forlagið getur verið uppspuni, þannig að verkið verði þeirra sköpun innan þess ramma sem kennari setur. Verkefnið getur bæði verið unnið með handverkfærum, penna og litum eða í tölvuvinnslu og forritum (t.d. eins og bæklingur).
3. Tilgangurinn með orðaveiðum er að nemendur leiki sér með orð og velti fyrir sér orðaforða kaflanna um leið og þeir hugsa um orðflokka. Ráðlegt er að hver orðflokkur hafi sérstakan lit, það auðveldar margt í ferlinu og getur verið þægilegt fyrir leshamlaða nemendur. Þetta verður oftast hin mesta skemmtun og í byrjun er um að gera að einblína ekki um of á setningar sem hafa þýðingu. Eftir það mætti skipta á orðum þar til allir hóparnir hafa a.m.k. nokkrar setningar sem hafa merkingu. Mismunandi svör.
4. Gera má ráð fyrir því að sumir nái að skrifa um öll atriðin en aðrir ekki nema fá. Hvetja þarf nemendur til að færa rök fyrir skoðun sinni og gott er að koma þeim af stað með því að skrifa á töfluna eina setningu, t.d. það sem mér líkaði ekki ... af því að ...

Til umhugsunar

Textinn gefur möguleika á að vinna með skynjun, eins og sjón, heyrn, lykt og tilfinningu. Sams konar verkefni er að finna á bls. 130 við söguna *Týndu augun* eftir Sigrúnu Eldjárn.

Indland bls. 96

Gerður Kristný Guðjónsdóttir (f. 1970). Nánar:

http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-57/start-g/RSkra-57

Ljósmyndin á bls. 97 er tekin í Kalkútta á Indlandi. Kennari getur nýtt ljósmyndina sem kveikju til umræðna í tengslum við ljóðið.

Staldræðu við bls. 97

1. Líkingarnar í ljóðinu sem eru myndhverfingar.
 - umferðareyjan er eins og eyja á miðju hafi sem er umlukt grynningum
 - grynningar – eru akbrautirnar umhverfis umferðareyjuna
 - kaldeygir hákarlar – hákarlarnir eru bílarnir og bílljósín eru kaldeyg
 - dagblaðið er sængin hansMikilvægt er að taka vel í hugmyndir nemenda þó að þær séu aðrar en hér birtast.
2. Hér geta spunnist umræður, t.d. er mjög líklegt að rætt verði um fátækt í Indlandi og víðar, heimilislaus einstaklinga og aðstæður þeirra. Mismunandi svör.
3. Hann notar dagblað fyrir sæng.
4. Umferðareyjan er sennilega lítil eða mjó þannig að það er ekki mikið pláss til að ganga í svefni. Ef maðurinn gerir það er hann í hættu því þá fer hann út á götuna þar sem umferðin er mikil.
5. Mjög líklega eru það bílar, hugsanlega er dimmt og bílljósín glampa.
6. Fyrir nemendur sem vilja fremur teikna gefur ljóðið skemmtilega möguleika á því og túlkun í mynd. Fyrirmæli gætu verið: Teiknaðu mynd af því sem þú sérð fyrir þér í ljóðinu.

Aukaverkefni

Nemendur æfa sig að búa til líkingar. Þeir geta valið ljósmynd, fréttamynd úr dagblaði eða mynd af netinu. Setja má saman ljóð eða prósa með líkingum.

Bækur til að hafa í stofu og ítarefni

Gerður Kristný. 2012. *Strandir*. Mál og menning, Reykjavík.

Ingunn Snædal. 2008. *Í fjarveru trjáa: vegaljóð*. Bjartur, Reykjavík.

Kimselius, Kim M. 2009. *Aftur til Pompei*. Elín Guðmundsdóttir þýddi. Urður, Hafnarfirði.

Monterroso, Augusto. 2012. *Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur*. Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi og ritaði eftirmála. Bjartur, Reykjavík.

Nilsson-Brännström, Moni. 2003. *Tsatsiki og pápi*. Friðrik Erlingsson þýddi. Salka, Reykjavík.

Pétur Gunnarsson. 1989. *Vasabók*. Punktar, Reykjavík.

Vilborg Dagbjartsdóttir. 1992. *Klukkan í turninum*. Forlagið, Reykjavík.

5. kafli – Draugar og varúlfar

Viðmið kaflans er m.a. að nemendur efli hæfni sína í:

- að skrifa samtal og flytja fyrir aðra
- að skoða muninn á beinni og óbeinni ræðu
- að túlka með leikrænni tjáningu
- að skoða persónulýsingar í sögum
- að finna samheiti orða
- að skoða sögu með aðstoð skynfæranna (sjón, lykt, heyrn ...)
- að skoða sjónarhorn í sögum og skrifa sögu með ákveðnu sjónarhorni

Draugurinn sem hló bls. 100

Sagan er ein af fimmtán draugasögum í samnefndri bók sem Mál og menning gaf út árið 2006. Höfundarnir eru jafn margir sögunum og eru allir norrænir. Sigurður Karlsson þýddi söguna um drauginn sem hló en Gerður Kristný og Kristín Helga Gunnarsdóttir eru fulltrúar íslenskra höfunda í bókinni.

Áður en nemendur lesa eða hlusta á söguna eru þeir beðnir að velta fyrir sér um hvað hún fjallar og skrifa síðan sína eigin útgáfu af sögunni. Kennari lætur nemendur vita að þetta sé draugasaga. Það gefur þeim ákveðinn tilgang með lestrinum, þeir verða hugsanlega áhugasamari um framvindu sögunnar og taka betur eftir hvað gerist og máta við sínar tilgátur.

Kennari getur kynnt persónur sögunnar ef honum finnst það nauðsynlegt, það gæti auðveldað nemendum skrifin og að setja fram hugmyndir. Einnig er hugsanlegt að lesa upphaf sögunnar og gera hlé þar sem nemendur skrifa sínar tilgátur um framhaldið.

Tillögur að svörum við spurningum í blöðrum bls. 100–108:

- Hvað átti nýi strákurinn að gera og hvers vegna?
Fara um nótt í Gamla kirkjugarðinn til að sanna að hann væri ekki aumingi og til að komast í leynifélagið.
- Hvað hafði herragarðseigandinn gert?
Verið slæmur maður og farið illa með vinnufólkið sitt. Hýtt einhvern til dauða.
- Hvers vegna fór kaldur hrollur niður eftir bakinu á Nieminen?
Hurðin á grafhýsinu virtist hreyfast og hann var orðinn hræddur.
- Hvað átti Simo að gera?
Hann átti að sækja tennisbolta sem strákarnir skildu eftir hjá grafhýsinu.
- Hvers vegna gat Nieminen ekki hreyft fætuna?
Hann sá beinagrind sem hló skelfilega og varð stjarfur af hræðslu.
- Hvers vegna var Kauko orðinn náfölnur í framan?
Kauko (stóri bróðir Simo), sem var beinagrindin, var undrandi þegar hann heyrði að Nieminen í gervi vofu var ekki sá sem hló.

Staldraðu við bls. 109

- 1.–2. Í stað þess að skrifa getur kennari ákveðið að hafa umræður. Einnig má skipta bekknum í hópa sem ræða atriðin sem stungið er upp á. Mikilvægt er að biðja nemendur að rökstyðja skoðun sína eða upplifun.
3. Í þessu verkefni skoða nemendur orðaforða í sögunni. Textanum er deilt á milli hópa og hóparnir geta síðan parað saman orð og orðasambönd sem skapa draugalega stemningu. Orðalistann er síðar mögulegt að nýta fyrir alla í draugasöguskrif. Nemendur geta útbúið alfræðibók/veggspjald bekkjarins um drauga og þekktar hryllingspersónur:
- Óhugnanlegir staðir: – dimmur skógur – yfirgefið hús – vöfundarhús
 - Óhugnanlegir tímapunktar: – fullt tungl – miðnætti – föstudagurinn 13.
 - Óhugnanlegar persónur: – drakúla – skrímli – varúlfur – afturganga
 - Óhugnanleg orð eða orðtök: – drungalegt, óttasleginn, blóðið frýs í æðum, að standa á öndinni ... að fá gæsaþúð ... vatn rennur milli skinns og hörunds ...
4. Hvort sem nemendur velja a) eða b) getur verið gott að ákveða fyrst eftirfarandi atriði:
- Hvaða persónur koma við sögu?
 - Hvar gerist sagan?
 - Hvernig er umhverfið?
 - Hvað gerist?
- Einnig er gott að hafa í huga að í draugasögum gerist oft eitthvað óhugnanlegt og/eða óvænt.

Meira um hvernig aðstæður eru í draugasögum:

Í góðum draugasögum er stemningin hræðsla og ógn.

Ytri atriði: sagan gerist á draugalegum stað eða tíma, t.d. á fullu tungli.

Innri atriði: sagan gerist á venjulegum stað og persónur eru venjulegt fólk en stemningin er dularfull og óhugnanleg.

Aukaverkefni

Nemendur velja leið sem þeir þekkja – ekki of langa frá einum stað til annars. Þeir skrifa síðan um óhugnanlega ferð á milli þessara staða á dimmu kvöldi. Upplagt er að hvetja nemendur til að nota orð og aðferðir sem þeir þekkja frá draugasögum.

Varúlfafræði bls. 110

Hamskipti í *Egils sögu*. Þar kemur skýrt fram að Kveldúlfur afi Egils og Skallagrímur faðir hans voru báðir hamramir, enda komnir af hálftröllum. Þeir voru báðir árrisulir en eftir sólsetur varð Kveldúlfur svo styggur að fáir menn máttu orðum við hann koma en Skallagrímur fékk margfalt afl og ekki var hægt að tala hann til.

Tillögur að svörum við spurningum í blöðrum á bls. 110 og 111:

- Hvað var sérstakt við syni Lycaons konungs?
Þeir voru 50 talsins og voru allir mannætur.
- Hvernig gátu menn breyst í varúlfa?
 - Andi úlfs gat yfirtekið líkamann
 - „Fylgja“, eða eins konar dýraandi, gat yfirtekið líkamann og breytt honum í dýr
 - Vegna bölvunar, galdra eða sambands við djöfulinn
 - Barn sem fæddist á aðfangadegi jóla
 - Sjöundi sonur sjöunda sonar
 - Sá sem hafði sofið undir fullu tungli á föstudegi
 - Ef varúlfur beit manneskju gat hún smitast af munnvatninu

Granninn bls. 112

Magnea J. Matthíasdóttir (f. 1953). Ljóðið er úr bókinni *Skáldagjöf* (SÁÁ gaf út 2011).

Staldraðu við bls. 113

1. Hann vælir þegar kirkjuklukkur hringja, spangólar alla sunnudaga og á fullu tungli og ýlfrar þegar ekki sést í tunglið.
2. Á daginn er hann eins og venjulegur maður, broshýr og breiðleitur og heilsar kurteislega. Hann á hund sem hann fer út að ganga með.
3. Ekkert eitt svar er við þessari spurningu og geta nemendur komið fram með ólíkar uppástungur. Ef þær eru rökstuddar er nauðsynlegt að taka þær gildar. Það er margt sem liggur á milli lína í ljóðum og oft ekki ein túlkun hin rétta. Spurningunni má snúa við og spyrja: hvað segir þetta okkur um ljóðmælandann sem vantreystir grannanum?
4. Áður en nemendur skrifa samtalið er gott að útskýra muninn á beinni og óbeinni ræðu, sjá ramma á bls. 113 í kennslubók. Kennari ákveður með hvaða hætti nemendur skrifa samtalið. Ágætt er að minna nemendur á að þegar þeir leika þurfa þeir að snúa fram og huga að framsögn.

Aukaverkefni

Í fyrra erindinu eru mörg sagnorð yfir það sem varúlfurinn gerir: að væla, að spangóla, að ýlfra. Að auki eru sagnirnar að búa og að hringja. Nemendur geta fundið fleiri sagnir yfir það sem varúlfar gera og nýtt það í ritun sína.

Í seinna erindinu eru tvö lýsingarorð, broshýr og breiðleitur, kurteislega er atviksorð. Nemendur geta fundið fleiri lýsingarorð um manninn sem gengur eftir götunni með hund í bandi.

Varúlfar í Harry Potter og fleiri bókum bls. 114

Margar bíómyndir hafa verið gerðar um varúlfa og nemendur sýna þeim oft áhuga. Hér er stutt sögulegt yfirlit:

- Sú fyrsta sem komst á breiðtjald var *Varúlfurinn* sem gerð var í Bandaríkjunum árið 1913. Þar er varúlfurinn indíánakona sem gengur aftur sem varúlfur til að hefna fyrir dauða sinn. Því miður er þessi mynd ekki til lengur og ekki heldur önnur gömul varúlfamynd sem gerð var í Frakklandi árið 1923.
- Elsta varúlfamynd sem við getum séð er Varúlfur í London frá 1935. Á eftir komu margar frægar varúlfamyndir, *Varúlfurinn (The Wolf Man)* var gerð 1940, hún er kannski sú allra frægasta.
- Aðrar frægar bíómyndir eru m.a. *Frankenstein hittir varúlfinn (Frankenstein Meets the Wolfman)* frá 1943, *Amerískur varúlfur í London* frá 1981 og *Úlfurinn (Wolf)* frá 1994, þar sem Jack Nicholson leikur varúlf.

Nokkrar unglingasögur hafa verið skrifaðar um vampírur á undanförunum árum og sumar hafa einnig verið kvikmyndaðar. T.d. *Twilight-serían* um Bellu og Edward, *Ljósaskipti*, *Dögur*, *Myrkvun* og *Nýtt tungl*.

Ýmsir svarmöguleikar koma til greina við spurningu í blöðru á bls 114.

Staldræðu við bls. 115

1. Áður en nemendur byrja að semja sögu eða leikþátt er nauðsynlegt að ræða persónur í bókum og bíómyndum sem þeir þekkja. Sumir þekkja ef til vill lítið til vampírummynda og varúlfa í sögum. Huga þarf að þessu þegar hópar eru valdir og einnig er ágætt að hvetja nemendur til að spinna í kringum persónu sína, hún þarf ekki endilega að vera fræg.
2. Flutningur (sjá umfjöllun um upplestur á bls. 4).

Til athugunar

Ef kennari sem hefur látið nemendur sína útbúa alfræðibók/veggspjald um drauga og hryllingspersónur fyrir í kaflanum getur hann bent þeim á að nýta sér þá vinnu við sögugerðina/leikþáttinn.

Ámundi og grátkonan bls. 116

Kristín Helga Gunnarsdóttir (f. 1963). Nánar: <http://www.islit.is/vidtol-vid-hofunda/nr/592> og http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-81/RSkra-81

Á meðan nemendur lesa eða hlusta á söguna eiga þeir að taka vel eftir því hvernig persónunum er lýst og skoða þannig persónusköpun í sögum. Lagt er til að nemendur hugsi sérstaklega um Kolfríði og skrifi hjá sér hvað er sagt um hana, hvernig hún lítur út og hvernig hún er. Það mætti hugsa sér að skipta persónum á milli nemenda þannig að ekki séu allir að huga að sömu persónu og þeir geta þá nýtt þær upplýsingar í

krossglímuljóðinu (verkefni 2b, bls. 121). Nokkrir geta þó verið með sömu persónu sem gefur góðan samanburð og einnig eru persónurnar ekki nógu margar fyrir fjölmennan bekk.

Upplagt er að vinna með ytri persónueinkenni og reyna að fara í innri persónueinkenni eins og hægt er:

Ytri einkenni koma oft fram í beinum lýsingum.

Innri einkenni koma stundum í ljós með framkomu eða tengslum við aðra. Ef þau koma ekki fram verður að treysta á tilfinningu.

Hugsanlegt er að skipta persónum á milli hópa og í lokin væri persónugallerí sett á vegg stofunnar.

Persónurnar sem koma fyrir í þessu broti sögunnar eru (Röðin er í samræmi við innkomu þeirra í sögubrotinu.):

- Ámundi
- Jófríður
- Valentínus
- Marsellíus
- Ástríður
- Kolfríður
- Jón glói
- Messíana
- Úrsúla

Nemendur geta lesið söguna aftur og fundið þær persónur sem eru að fara í ferðalagið og tengsl þeirra á milli.

Tillögur að svörum við spurningum í blöðrum á bls. 116–120

- Hvers vegna á Ámundi að reyna að nota jákvæð og falleg orð?
Hann blótaði mikið og það voru börn í bílnum.
- Hvað hengdi Kolfríður í baksýnispegilinn og til hvers?
Galdrastaf sem heitir Valdimarsstafur. Hann er ristur með skarkolaparmi á himnu hænu eggis og hann þykir öflugur til verndar gegn illu.
- Hvað gerir fjandafæla?
Hún fælis burtu drauga.
- Hvað er það sem Valentínus hefur ekki í sér?
Galdrahæfileika eins og amma hans hefur.
- Hvernig misskildu stelpurnar ömmu sína þegar hún sagði að þær yrðu að vera sterkar?
Stelpurnar héldu að þær þyrftu að vera líkamlega sterkar en amman átti við andlegan styrk.

Staldraðu við bls. 121

1. Svör við spurningum til að ræða um efni sögunnar:

Hvað í sögunni gefur til kynna hvernig veðrið er þegar hópurinn leggur af stað í ferðalagið?

- Kolfríður stóð í morgungeislunum fyrir utan blokkina sína.
- „Það viðrar vel til ævintýraferða!“ kallar Kolfríður þegar hún rigsar upp í bílinn.

Hvert er ferðinni heitið og hvar á landinu er það?

- Á Strandir í Strandasýslu á Vestfjörðum.

Hvað var í litla pokanum hennar Kolfríðar?

- Askja með varnarstaf Valdemars sem er ristur með skarkolaþarmi á himnu hænueggs.

Aukaspurning:

1. Hver er Jón glói?

Hann er kötturinn hennar Kolfríðar því í lok sögubrotsins segir: „Jón glói malaði í fangi húsmóður sinnar í takt við bílvélina“.

2. a) Hugsanlega fást einhverjar upplýsingar í textanum sjálfum, þó ekki um allar persónurnar. Nemendur geta notað persónuna sem þeir fylgdu eftir meðan þeir lásu eða hlustuðu á kaflabrotið.

Til þess að skýrir drættir komi fram þarf að hvetja nemendur til að ýkja – sbr. grínmyndir.

b). Krossglímuljóð lítur svona út:

K
O
L
F
R
Í
Ð
U
R

Hvetja mætti nemendur til að velja fleiri persónur og gera það sama. Einnig er unnt að hafa lóðréttan staf nafnsins sem mismunandi miðjustaf, en þá eru stafirnir í nafninu auðkenndir með lit.

3. Kennari beinir athygli nemenda að orðanotkun. Höfundur notar t.d. fimm mismunandi orð um bílinn í textabrotinu. Víðon er hertrúkkur með húsi.

Hvetja má nemendur til að hugsa um þetta í sinni eigin ritun, þ.e. að nota ekki alltaf sama orðið yfir eitthvað sem kemur oft fyrir – velja orð og finna samheiti yfir þau, nýta samheitaorðabók.

Dæmi um orð sem hafa mörg samheiti: vegur, stelpa, strákur, barn, poki.

Textinn er með ríku myndmáli – upplagt er að hvetja nemendur til að skoða myndmálið og nýta sér í eigin ritun. Dæmi: Nú bítur ekkert á þetta farartæki? Ævintýraskrjóðurinn sigldi sína leið og tók stefnuna í norður. Ef til vill, geta nemendur fundið fleiri.

4. Orðabók bekkjarins (sjá bls. 4 í kennsluleiðbeiningum *Flökkuskinnu*).

Aukaverkefni

Nemendur skoða lýsinguna á bílbeltinu sem Marsellíus hefur hannað og saumað. Þeir geta síðan teiknað bílbeltið eftir lýsingunni.

Á nýju beltin hafði hann saumað axlakodda svo það var verulega gott að leggja sig og framan á þeim hékk lítill tauvasi ætlaður fyrir spil, veski, gleraugu, farsíma eða bara hvað sem var (bls. 119).

Möguleiki er að tengja aukaverkefnið við Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, nánari upplýsingar er að finna á: <http://nkg.is/um-nkg>

Týndu augun bls. 122

Sigrún Eldjárn (f. 1954) er listamaður og rithöfundur og hefur gefið út fjölmargar barnabækur. *Týndu augun* kom út árið 2003, sjá nánar umfjöllun um bókina:

http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3397/5787_read-131/categories-1369,1976/rskra-103/

Tillögur að svörum við spurningum í blöðrum á bls. 124–128

- Af hverju varð Jonni allt í einu saddur?
Hann missti lystina þegar Rindill sagði hvað væri í matnum; brekkusniglar, ánamaðkar, áttfætlur og býflugur.
- Hvar á maður að setja ægishjálminn svo hann virki?
Þrýsta honum á enni sér svo hann tolli milli augabrúnanna.
- Með hverju keypti Jonni hlutina í töfrapyngjunni?
Með brjóstsykri og tölvuspili.

Staldræðu við bls. 130–131

1. a) Eftirfarandi textabrot getur kennari notað sem inngang að verkefninu og unnið að í sameiningu með nemendum:

„Það er allt á rúi og stúi. Þarna eru kistlar og krúsir, vélar og vaðstígvél, gamlar bækur og gúmmíhanskar, skrítnir verkfæri, undarleg matvæli og alls kyns furðulegt járnarúsl, hvað innan um annað. Þarna er líka ýmislegt úr ríki náttúrunnar, svo sem steinar, þurrkaðar jurtir og uppstoppuð dýr. Auk þess óteljandi aðrir gripir af öllu hugsanlegu tagi.“ (bls. 122).

Hvaða skynjun (heyrn, lykt, tilfinning, bragð eða sjón) kemur fram í þessu textabroti?

Textinn gefur ekki nákvæm svör og verða nemendur að nota ímyndunaraflíð.

Hugmyndir af svörum við spurningum í verkefninu sjálfu:

- Hvernig er umhorfs, hvernig lítur umhverfið út?
Það er allt á rúi og stúi.
- Hvernig er lyktin?
Lykt er persónubundin og nemendur geta ímyndað sér lykt af gömlum bókum, gúmmihönskum, þurrkuðum jurtum eða undarlegum matvælum. Lyktin getur verið sterk, veik, góð, vond. Það getur verið daunn, fýla, ilmur, óþefur o.s.frv.
- Hvernig er hitastigið?
Hitastigið er óljóst, en miðað við aðstæður gæti það verið mollulegt eða þungt loft. Þetta er í kletti og enginn gluggi, aðeins hellisopið.
- Hvaða hljóð heyrast?
Hvað heyrast þegar Jonni hreyfir við einhverju af draslinu? Ískrar í verkfærunum eða skráfrar í gömlu bókunum og þurrkuðu jurtunum, skellur í kistlinum eða hringlar í einhverju?

1. b) Sjá umfjöllun um sjónarhorn á bls. 4.

2. a) Mismunandi svör og útfærslur.

b) Kennari skiptir nemendum í hópa. Hér eru mögulega atriði sem nemendur geta spunnið leikþátt í kringum. Hvað er það sem gerist þegar Jonni þarf að nota

- fremsta hring fyrsta kerfis?
- annan hring fyrsta kerfis?
- þriðja hring fyrsta kerfis?
- fremsta hring annars kerfis?
- annan hring annars kerfis?
- þriðja hring annars kerfis?
- fremsta hring þriðja kerfis?
- annan hring þriðja kerfis?
- þriðja hring þriðja kerfis?
- öxina?
- ægishjálminn?
- fjötrana?

Mikilvægt er að nemendur lesi um hvaða máttur er í hverjum hjálparhring, tákni eða hlut áður en þeir fara að spinna leikþáttinn.

3. Nemendur geta nýtt sér bækur og vefsíður um galdastafi t.d.:

Galdraskræða / Skuggi; með formála eftir Þórarín Eldjárn. 2013. Lesstofan, Reykjavík.

Myndir af fretrúnum og fleiri galdrastöfum frá Galdrasafninu á Ströndum.

http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&view=category&id=18&Itemid=60&lang=is

Nemendur geta einnig nýtt sér upplýsingar úr sögunni *Strandanornir*.

Bækur til að hafa í stofu og ítarefni

Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2003. *Strandanornir*. Mál og menning, Reykjavík.

Rowling, J.K. 2000. *Harry Potter og fanginn frá Azkaban*. Helga Haraldsdóttir þýddi. Bjartur, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 2003. *Týndu augun*. Mál og menning, Reykjavík.

Skáldagjöf. 2011. Ritstj. Gunnar Smári Egilsson. SÁÁ, Reykjavík.

Toivola, Ritva. 2006. *Draugurinn sem hló*. Mál og menning, Reykjavík.

